



**Heit og ljúffeng**



**PIZZA**

Hafnarstræti 7 · 456 3166

Nýtt og öflugt verkfæri til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu  
• Lánsúmsókn á netinu

**Íbúðalán.is**

www.ibudalan.is





Nýtt símanúmer Landsbankans á Ísafirði er

**410 4156**

Landsbankinn  
Sími 410 4156  
Fax 410 3018



**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**

**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 4. janúar 2006 · 1. tbl. · 23. árg.



# Gleðilegt ár!

Vestfirðingar fögnuðu mjög þegar nýtt ár gekk í garð og fóru hátíðarhöldin að mestu leyti vel fram. Eins og venja er voru flugeldar notaðir til að kveðja gamla árið og fagna hinu nýja og vilja margir meina að gengið hafi verið lengra í þeim efnum en nokkru sinni fyrr. Veður var gott á gamlárskvöld og þótti henta einkar vel til flugeldaskota og almennra fagnaðarláta. Aðstandendur Bæjarins besta óska lesendum sínum og landsmönnum öllum farsældar á því ári sem nú er gengið í garð, um leið og þakkað er fyrir hið liðna.

Ljósmynd: Halldór Sveinbjörnsson.

## Ómar Már tekur sæti í stjórn Aðlöðunar

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavíkurbhrepp, verður stjórnarmaður í beitu- fyrirtækinu Aðlöðun og verður Guðjón Kjartansson, oddviti sveitarstjórnar, vara- maður. Beituverksmiðjan flyst til Súðavíkur í kjölfar þess að sveitarstjórnin þar fjárfesti 20 milljónum króna í fyrirtækinu.

Aðlöðun hefur á undan- farnum árum þróað nýja að- ferð við framleiðslu á beitu, með það að markmiði að beitan yrði úr sem allra ódýr- ustu hráefni sem kæmi í stað beitu úr fiski sem hæfur er til

manneldis. Ný beita Aðlöð- unar er sögð hafa ýmsa ótví- ræða kosti fram yfir eldri beitu. Sjálf beitningin tekur mun skemmri tíma auk þess sem hún er snyrtilegri en áð- ur, beitan er alltaf tilbúin á krókinn og beituþokarnir frjóska ekki saman, enda hafa sjómenn að sögn tekið henni vel.

Er talið að verksmiðjan gæti við full afköst veitt allt að níu mönnum atvinnu auk stjórnenda. Rekstur beitu- verksmiðjunnar Aðlöðunar hefur átt á brattann að sækja.

– eirukur@bb.is



## Áramótabrenna Ísfirðinga gekk vel

Áramótabrenna Ísfirðinga var eins og endranær haldin á Hauganesi við Skutulsfjörð á gamlárskvöld.

„Þetta gekk mjög vel og margt fólk var á staðnum. Við fengum gott veður og góða aðstöðu fyrir brennuna. Á

henni voru mestmegnis bretti og tók hana um hálf tíma til 45 mínútur að fudra upp. Fólk var almennt mjög ánægt“, segir Sigurður Sveinsson frá Góu- stöðum sem í árafjöld hefur séð um brennuna ásamt læri- sveinum sínum.

Við brennuna var einnig haldin mikilfengleg flugelda- sýning Björgunarfélags Ísa- fjarðar og óhætt er að segja að litadýrðin hafi vakið mikla að- dáun viðstaddra.

– thelma@bb.is

Samkaup úrval

**OPIÐ:**

virka daga kl. 09 - 21  
laugard. 10-21  
sunnud. kl. 12 - 21

Verið velkomin!

Samkaup úrval

**NEISTA**  
HAFNARSTRÆTI 9-13  
SÍMI 456 5460

## EIMSKIP er...

liðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörudröngum og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur matnaður bæði starfsmanna og hlífðara að gegna forystuhlutverki til framtíðar.





## Telja ríkisstjórnina sinna NV-kjördæmi verst

Ríflega fjórðungur landsmanna telur að ríkisstjórnin sinni Norðvesturkjördæmi verst af öllum kjördæmum landsins, og ber það höfuð og herðar yfir önnur kjördæmi að þessu leyti, samkvæmt nýrri skoðanakönnun frá Gallup.

Tæplega þrjú af hverjum tíu aðspurðum telja að ríkisstjórnin sinni byggðamálum vel, liðlega 18% telja hana hvorki sinna þeim vel né illa, en um 53% telja ríkisstjórnina sinna byggðamálum illa. Þá telja 83% að ríkisstjórnin sinni ekki málefnum allra kjördæma jafnvel. Karlar, menntaðra fólk, fólk búsett í Reykjavík

og nágrannasveitarfélögum, hinir tekjuhæstu og þeir sem styðja ríkisstjórnarflokkana telja, í ríkari mæli en aðrir hópar, að ríkisstjórnin sinni byggðamálum vel.

7% töldu að Reykjavíkurborg kjördæmi væri verst sinnt, 6% töldu að Norðausturkjördæmi væri verst sinnt, 5% töldu að Suðvesturkjördæmi væri verst sinnt og 4% töldu að Suðurkjördæmi væri verst sinnt. Þá töldu 14% að öllum kjördæmum væri jafnvel sinnt, en 37% tóku ekki afstöðu. Ríflega fjórðungur, eða 27% aðspurðara töldu að Norðvesturkjördæmi væri verst sinnt.



Varnargarðurinn sem reistur var á Flateyri í kjölfar snjóflóðsins 1995.

**Kvikmynd um snjóflóðið á Flateyri**

## Hlýtur styrk úr kvikmyndasjóði

Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur ákveðið að styrkja heimildarmyndina „Norð Vestur“ sem fjallar um snjóflóðið á Flateyri árið 1995 og tengsl Flateyrar við nágrannabæi sína, einkum Þingeyri og Suðureyri. Myndin er í framleiðslu Passport Kvikmynda og verður henni leikstýrt af Önfirðingnum Einari Þór Gunnlaugssyni. Í fréttatilkynningu segir meðal annars:

„Myndin mun líka varpa ljósi á þróun byggðar á norðanverðum Vestfjörðum eftir flóðaárið mikla 1995 og já-

kvæð áhrif aðfluttra Vestfirðinga af erlendu bergi brotnu. Þá hefur áður óþekkt myndefni úr einkasafni Flateyringa komið fram sem gefur verkefninu sögulega skírskotun, og eru aðstandendur myndarinnar að vonum afar ánægðir með að dýrmætt sögulegt myndefni komist fyrir almenningssjónir.“

Haldið verður áfram að safna efni fram eftir ári og búist er við því að úrvinnsla efnisins muni standa yfir til ársloka. Áætlað er að vinnslu myndarinnar ljúki árið 2007. – eirikur@bb.is

**Marel**

### Atvinna

Við í starfsstöð Marel hf., á Ísafirði óskum eftir starfsmönnum í eftirtalin störf:

Stálsmið, plötusmið eða starfsmanni vönum smíði á ryðfríu stáli, í niðurefnun, Tig/Mig suðu, samsetningu og önnur tilfallandi störf.

Upplýsingar veitr Hákon Þorleifsson, framleiðslustjóri í síma 563 4803 eða 825 4803 á vinnutíma.



Eftir að sprengingum linnir situr nokkuð af rusli eftir.

## Nokkuð af sprengjuleifum á Ísafirði eftir áramót

Nokkuð var af rusli á götum Ísafjarðar eftir flugeldasprengingar gamlarskvölds, sem þóttu sérlega miklar fár eins og fram hefur komið. Að sögn Þorbjörns H. Jóhannessonar bæjar-

verkstjóra var þó ekki óeðlega mikið af flugeldaprikum, tertuleifum eða öðrum sprengjuleifum þegar farið var í að hreinsa göturnar í morgun.

„Langflestir taka ruslið sjálfir og setja það hjá rusla-

tunnunum“, segir Þorbjörn. „Sorbíllinn fer svo hringinn í dag og hirðir þetta upp. Við fórum og hreinsuðum göturnar strax í morgun og tókum það sem við sáum. Það er auðvitað hellingur eftir inni í gördum

hjá fólki, en við förum ekki inn á einkalóðir.“

Þótt búið sé að sprengja burt gamla árið er þó ekki allt sprengt, því enn á eftir að sprengja jólin á brott á þrettándanum.

## Tímaskortur olli því að ekki var hægt að brenna ártal á Ísafirði

Í áratugi hefur verið hefð fyrir því á Ísafirði að kveikt sé á ártali hverfandi árs og þess sem gengur í garð í hlíð Eyrarfjalls á áramótum, en eins og sjálfsagt flestir bæjarbúar hafa tekið eftir var ekki um slíkt að ræða í ár. Að sögn Jóna Benediktsdóttur stjórnar- meðlims í skátafélaginu Ein-

herjar/Valkyrjan var þetta óbein afleiðing af slysi því sem varð við undirbúning ártals- sem gengur í garð fyrir nema í björtu. Þegar við höfðum svo kastaðist svo 30 metra leið í urð og grjóti.

„Það var klaki og ísing í fjallinu“, segir Jóna. „Það þurfti að flytja drenginn niður

eftir og það tók langan tíma. Það verður að undirbúa þetta í björtu, það er ekki hægt að koma ártalinu fyrir nema í björtu. Þegar við höfðum svo lokið við að koma drengnum undir læknishendur þá var ekki tími til að fara upp aftur enda tekur einar fimm klukkustundir að koma þessu fyrir.“

Þá segir Jóna að verið sé að velta því fyrir sér hvort brenna eigi ártölin á þrettándanum, til að bæta upp fyrir missinn á áramótum sem var sjálfsagt mörgum sár. „Í raun er allt tilbúið, það þarf bara að koma þessu fyrir og kveikja í“, sagði Jóna Benediktsdóttir.

– eirikur@bb.is



## Álfadans stiginn á Ísafirði

Álfadans verður stiginn fyrir framan Safnahúsið á Eyrartúni á Ísafirði á þrettándanum á föstudag. Þrettándaglegdin hefst kl. 20 á Eyrartúni með harmonikkuleik. Stuttu seinna verður lagt af stað í blysför frá

Skátaheimilinu að Eyrartúni. Að vanda mun á Eyrartúni mæta helsta fólk huldheima og fyrir þeim fara álfakonungur og álfadrottning. Ekki er heldur ólíklegt að Gríla mæti þar með sínu slekti enda kerl-

ingin sísvöng og því til alls víis. Eftir dansinn gengur hersvingin að Hlíf og síðan niður að Landsbanka þar sem endað verður með flugeldasýningu. Það er Kvenfélagið Hlíf sem hefur stjórn álfadansins með

höndum og nýtur til þess aðstoðar félagi úr Skátafreyfingunni, ýmsum kórum, harmóníkufélaginu, LL, Björgunarfélaginu. Ísafjarðarbær veitir styrk til að hægt sé að fagna þrettándanum.



# Teitur Jónasson átti lægsta tilboð í innanbæjarakstur

Á föstudag voru opnuð tilboð í almenningsgöngur í Ísafjarðarbæ. Um var að ræða fjögur verk, innanbæjarsamgöngur á Ísafirði og leiðirnar Ísafjörður - Suðureyri, Ísafjörður - Flateyri og Ísafjörður - Þingeyri. Tilboð bárust frá sex aðilum; Stjörubílum ehf., Elíasi Sveinssyni, Hópfærðabílum ehf., Teiti Jónassyni, Sophusi Magnússyni og Ferðapjónustu Margrétar og Guðna ehf. (FMG). Auk þessa lögðu Stjörubílar fram frávíkstilboð. Fjögur tilboð bárust í innanbæjaraksturinn. Lægsta boð var frá Teiti Jónassyni eða 7.244 þúsund krónur. Næstlægsta boð var frá Stjörubílum, 11.681 þúsund krónur. Þá bauð FMG 16.005 þúsund krónur og Sophus Magnússon bauð 22.499 þúsund krónur.

Í leiðina Ísafjörður - Suðureyri bárust fjögur tilboð. Lægsta tilboð áttu Stjörubílar ehf. upp á 4.270 þúsund kr. Teitur Jónasson bauð 4.629 þúsund kr. Sophus Magnússon bauð



4.951 þúsund kr. og FMG bauð 5.203 þúsund kr. Í leiðina Ísafjörður - Flateyri bárust sex tilboð og var lægsta tilboðið frá Elíasi Sveinssyni, upp á 4.007 þúsund kr. Þá barst tilboð frá Hópfærðabílum ehf. upp á 4.126 þúsund kr. Stjörubílar ehf. bauðu 4.270 þúsund kr., Teitur Jónasson bauð 4.629 þúsund kr., Sophus Magnússon bauð 4.951 þúsund kr. og FMG bauð 5.203 þúsund kr. Í leiðina Ísafjörður

- Þingeyri bárust fjögur tilboð og áttu Stjörubílar lægsta boðið, upp á 8.663 þúsund kr. Hópfærðabílar ehf. bauðu 11.721 þúsund kr., Sophus Magnússon bauð 12.740 þúsund kr. og Teitur Jónasson bauð 13.148 þúsund kr.

Frávíkstilboð barst frá Hópfærðabílum ehf. þar sem leiðir 3 og 4, það er Ísafjörður - Flateyri og Þingeyri - Ísafjörður, eru sameinaðar. Miðað er við að áætlanarferðum fjölgi

um eina við þessa tilhögun, og hljóðar þá tilboðið upp á 13.591 þúsund kr. í þessa sameinuðu leið.

Samningur á að taka gildi frá og með 1. júní 2006, og verður hann gerður til fimm og hálfis árs með heimild um árs framlengingu. Þá verður í honum ákvæði um að hann megi endurskoða ef til verulegra verðlækkana kemur á samningstímanum.

- eirukur@bb.is



Súðavíkurhreppur

## Aðalskipulag Súðavíkurhrepps

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps auglýsir hér með breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018 samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Um erað ræða tvær breytingar á landnotkun í Súðavíkurhreppi.

### 1. Seljaland í Álftafirði

Gildandi skipulag:

Gert er ráð fyrir hverfisverndarsvæði við Seljaland í botni Álftafjarðar (363 ha). Svæðið nær til um 200 m. landspildu norðan ár í landi Svarthóls svo og um 200-300 m. breiðs svæðis meðfram. Fjarðará að vestanverðu, samtals allt að 4 ha. að stærð. Þar er fagurt gróðursvæði með tilkomumiklu landslagi í botni Álftafjarðar. Um svæðið gildir að ekki er heimilt að reisa hús á svæðinu ef undan eru skilin þjónustuhús fyrir gesti, snyrtingar, aðstaða umsjónarmanns eða annað þess háttar.

### Tillaga að breytingu

Hverfisvernd við Seljaland í Álftafirði aflétt. Ný frístundabyggð, 172 ha. að stærð fyrir um það bil 60-70 frístundahús (3 íb/ha) afmarkast af vatnsverndarsvæði til suðurs að landi Svarthamra skammt norðan Svarthóls-ár til norðurs. Ný frístundabyggð nær upp í 260 m.y.s. og afmarkast til austurs af veghelgunarsvæði þjóðveggar.

### 2. Hestur í Hestfirði

Gildandi skipulag:

Svæðið er landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

### Tillaga að breytingu

Gert er ráð fyrir blöndu frístundabyggðar og skógræktar. Svæðið er um 77 ha. að stærð fyrir 10-15 frístundahúsum (5-8 íb/ha). Fyrirhugað svæði nær upp í 200 m.y.s.

Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps frá og með 2. janúar 2006 til og með 30. janúar 2006 og á heimasíðu Súðavíkurhrepps, [www.sudavik.is](http://www.sudavik.is)

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til miðvikudagsins 15. febrúar 2006.

Skila skal inn athugasemdum á skrifstofu Súðavíkurhrepps að Grundarstræti 3, Súðavík. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest, telst samþykktur henni.

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

## Hefði að öllu eðlilegu tekið hátt í tvo tíma að koma vél til Bíldudals

Eins og fram hefur komið í fréttum tók langan tíma að sækja slasaðan mann til Bíldudals á nýársnótt, en sjúkraflugvél var þá ekki til staðar á Ísafirði eins og venja er. Beðið var um flugvél frá Akureyri og lenti hún á Bíldudal tveimur klukkustundum og tuttugu mínútum eftir að hún var kölluð út, en tveimur klukkustundum og fjórtíu mínútum eftir að hún var sett í viðbragðsstöðu. Að því sem fram hefur komið í fréttum var viðbragðstíminn óvenju langur, um 25 mínútum lengri en venja er. Athygli vekur þó, að sam-

kvæmt þeim fréttum af málinu sem fram hafa komið hefði að öllu eðlilegu tekið meira en tvær klukkustundir að koma sjúkraflugvél til Bíldudals frá því að vélin var sett í viðbragðsstöðu. Aðspurð um málið segir Dagný Brynjólfssdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, að beðið sé eftir skýrslu um þetta tiltekna atvik. Hún bendir á að sérútbúin sjúkraflugvél sem kemur til með að anna sjúkraflugi frá Akureyri sé jafnþrýstibúin og talsvert hraðskreiðari en sú sem notast var við á nýársnótt.

Á nýársnótt var notast við vél af gerðinni DHC-300 Twin Otter sem með góðu móti er hægt að fljúga á 300 km/klst hraða í farflugi. Út frá því er hægt að gera ráð fyrir 55 mínútna flugtíma frá Akureyri til Bíldudals. Sú vél sem kemur til með að sinna þessu flugi í framtíðinni er af gerðinni Beechcraft King Air 200C. Henni er með góðu móti hægt að fljúga á 515 km/klst hraða. Gera má ráð fyrir 34 mínútna flugtíma þeirrar vélar sömu leið. Munar þarna 21 mínútu og er þá ótalinn sá tími sem sparast þegar sjúklingurinn er

síðan fluttur á áfangastað. Hægur vindur var framan af nýársnótt og ætti hann ekki að hafa teljandi áhrif á þessa útreikninga.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hin sérútbúna vél sé hraðskreiðari og viðbragðstíminn 25 mínútum styttri, hefði liðið rúmlega ein og hálf klukkustund frá því að vélin var kölluð út þar til hún lenti á Bíldudal og tæpar tvær stundir frá því að hún var sett í viðbragðsstöðu. Vekur þetta athygli með tilliti til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á fyrirkomulagi sjúkraflugs.

### Ingi Þór Ágústsson bæjarfulltrúi á Ísafirði

## Sækist eftir 2.-3. sæti á D-lista

Ingi Þór Ágústsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, hefur ákveðið að sækjast eftir 2.-3. sæti á lista flokksins í komandi prófkjöri sem fer fram 11. febrúar.

„Ég hef starfað sem bæjarfulltrúi fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins það kjörtímabil sem nú er senn að ljúka. Ég hef starfað af heilindum í öllum þeim verkum sem mér hafa verið falin og óska eftir stuð-

ningi til áframhaldandi starfa. Málefnastrá mín mun birtast fljótlega eftir áramótin. Vil ég að lokum óska íbúum Ísafjarðarbæjar, sem og landsmönnum öllum, farsældar á nýju ári“, segir í tilkynningu frá Inga Þór.



## Stórslysalaus áramót á Ísafirði

Lítið var um óhöpp vegna flugeldanotkunar á gamlárskvöld að sögn Þorsteins Jóhannessonar, yfirlæknis á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og einungis þurfti að sinna tveimur smávægilegum tilvik-

um á sjúkrahúsinu. Það er því ljóst að Ísfirðingar og nærsveitamenn hafa farið að gát við sprengingar sínar í ár.

Tiltölulega rólegt var einnig hjá lögreglunni á Ísafirði yfir áramót. Aðfaranótt nýársdags

var lögreglan kölluð í heima-hús vegna átaka sem þar áttu sér stað, en þau leystust fljótlega. Þá var tilkynnt um þjófnað úr kvenveski á veitingastað á Ísafirði, þar sem stolið hafði verið Canon-myndavél og


Nokia-síma.

Töluverð ölvun var á folki en áramótin gengu þó að mestu leyti stórslysalaus fyrir sig, að sögn Hlyns Snorrasonar hjá lögreglunni á Ísafirði.

- eirukur@bb.is

**Gerist áskrifendur  
í síma 456 4560**

# Janúartilboð



**Bréfabindi**

Stærð: 21x29 cm  
 Hverja í sér 100 blaða  
 52 og 88 bl. í  
 Fjöldi mögulegra litna

**Aðeins 1 kr.**  
 Hverja 21 mögulega litarmál

**Bláabækur**

Stærð: 10x15 cm  
 Hverja í sér 100 blaða  
 Mjög lit

**Aðeins 99 kr.**

**ÓDÝRT**



**Karó borðreiknivél**

**1.990,-**

**ÓTRÚLEG  
VERÐ**



**Fariðna**  
 HP Compaq P-6170A ELB  
 15.1" LCD  
 1.6 GHz Intel Core Duo  
 2 GB RAM  
 160 GB HDD  
 Windows Vista  
 Office 10000



**139.900,-**

**Gelslédiskar**



25 GB DVD-R 16x

**995,-**



25 GB DVD-R 16x

**1.995,-**



**50stk.  
í pakki**

**495,-**

**Kúlupennar**  
 Office 10000



**Óhæðisþrygð**  
 Sjálfvæðing  
 Öryggi í vinnu  
 og vaxandi  
 fræðisniðu

<b>MP3</b> MP3 afspilari 20 MB minni 10000	<b>DVD</b> DVD afspilari 20 MB minni 10000	<b>MP3</b> MP3 afspilari 20 MB minni 10000	<b>MP3</b> MP3 afspilari 20 MB minni 10000
<b>MP3</b> MP3 afspilari 20 MB minni 10000	<b>DVD</b> DVD afspilari 20 MB minni 10000	<b>MP3</b> MP3 afspilari 20 MB minni 10000	<b>MP3</b> MP3 afspilari 20 MB minni 10000




**99.900,-**

**2000**  
 2000

- Stærð: 1016x762
- 2000 lúmen (ANSI)
- 10200 lúmen
- 10200 lúmen
- 10200 lúmen
- 10200 lúmen
- 10200 lúmen
- 10200 lúmen

**Office 1 Superstore**

Gætt og  
nýtt af!





Elfar Logi Hannesson tók við viðurkenningunni ásamt konu sinni Marsibil Kristjánsdóttur í hófi á vegum menningarmálanefndar.

# Elfar Logi útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar

Leikarinn Elfar Logi Hannesson frá Bíldudal var útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar milli jóla og nýárs. Útnefningin fór fram við afhöfn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á vegum menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar.

„Mín skoðun á þessu fyrirbæri bæjarlistamaður er sú í fyrsta lagi að framtakið er gott en finnst þó að mjólka megi dæmið betur. Mér finnst þetta einfaldlega það gott og sniðugt framtak að það eigi að nýta

það út í ystu æsar bæði fyrir viðkomandi listamann og ekki síður fyrir bæjarfélagið. Með öðrum orðum flagga fyrirbærinu meira á yfirstandandi ári. Ég býð mig fram í að vera fyrsta fórnarlambið. Gef bænnum hér með leyfi til að misnota mig eins og þeim lystir á komandi ári, hvort sem það er til kynningar á bænnum þegar gesti ber að garði, til að skemmta ráðamönnum og fá þá til að gleyma stund og stað og samþykkja í framhaldinu

það sem okkur vanhagar um hér vestra eins og t.d. jarðgöng í Dýrafirði, eða bara að halda mig til hlés til að styggja ekki gesti bæjarins. Sem sagt til þjónustu reiðubúinn“, sagði Elfar Logi í ræðu sinni er hann tók við vikurkenningunni.

Elfar Logi er langskólagenginn í leiklistinni en hann brautskráðist frá Kómedíuhöfn árið 1997. Þá hefur hann komið víða við á þeim árum sem liðin eru. Hann kom með-

al annars á stofn Kómedíuleikhúsinu á Ísafirði sem hefur einbeitt sér að vestfirskum leikverkum.

Elfar Logi hefur auk þess leikstýrt ýmsum gótuleikhúsum og leikhópum. Meðal verka sem hann hefur leikið í eru Einstök uppgötvun hjá Möguleikhúsinu, raddskúlpúrinn Ævintýr eftir Magnús Pálsson, Kómedía ópus eitt og Leikur án orða eftir Samuel Beckett hjá Kómedíuleikhúsinu. Af leikstjórnarverkum

Loga má nefna Hamskiptin eftir Franz Kafka og Skvaldur eftir Michael Frayn.

Þetta er í sjötta sinn sem bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar er útnefndur en áður hafa borið nafnbótina Reynir Torfason myndlistarmaður, Jón Sigurpálsson, myndlistarmaður og safnvörður, Harpa Jónsdóttir, rithöfundur og kennari, Vilberg Vilbergsson, tónlistarmaður, og Jónas Tómasson tónskáld. Sjá einnig viðtal við Elvar Loga í miðopnu.

## Tvö banaslys á nýliðnu ári

Tvö banaslys urðu á Vestfjörðum á nýliðnu ári, eitt umferðarslys og eitt heimaslys. Þetta kemur fram í tölum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar um banaslys á árinu.

Þar kemur einnig fram að banaslys á landinu öllu hafi verið 31 á liðnu ári. Aldrei hafa þau verið færri síðan skrásetning banaslysa hófst með skipulögðum hætti 1941.

## Bókasafnið stækkað

Unnið er að endurbótum á útibúi Bæjar- og héraðsbókasafns Ísafjarðarbæjar á Þingeyri.

„Það er verið að stækka húsnæðið. Ég býst við að endurbótunum muni ljúka í vor. Þetta er heilmikið verk endar slagar bókaostur safnsins upp í 20.000 bækur“, segir Jóhann Hinriks-son, forstöðumaður safnsins. Eins og kunnugt er hefur Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðarbæjar aðsetur á Ísafirði en útibúi á Flateyri og Suðureyri auk Þingeyrar.

## Hefur opið í hádegini

Breyting verður á opnunartíma hjá bæjarskrifstofu Bolungarvíkur 2. janúar þegar hádegisopnun hefst.

„Með breytingunni erum við að auka þjónustuna við bæjarbúa og aðra sem eiga erindi við okkur. Við vonumst til að koma til móts við þá sem eru að vinna allan daginn og vilja sinna erindum sínum í hádegini“, segir Halla Signý Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

Núverandi opnunartími er frá kl. 9-12 og 13-15 og verður eftir breytingu opið frá kl. 9-15.

# Hlutfallslega eru hvergi fleiri erlendar konur en á Vestfjörðum

Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang á Vestfjörðum 1. desember 2005 er 6,2% og er það næst hæsta hlutfall á landinu. Hlutfall erlendra kvenna er hvergi hærra á landinu, en 6,6% kvenna á Vestfjörðum er með erlent ríkisfang. Næst hæst er þetta hlutfall á Austurlandi eða 6,4%. Þá eru 5,8% karlmanna á Vestfjörðum með erlent ríkisfang, en það hlutfall er hæst á Austurlandi eða 24,6%. Þá búa hlutfallslega næstflestar útlendingar á Vest-

fjörðum, eins og áður segir, en flestir eru þeir á Austurlandi eða 16,9%. Fæstir útlendingar búa á Norðurlandi eystra, eða 2,3% alls, og eru 2% karla þar með erlent ríkisfang og 2,5% kvenna. Í höfuðborginni eru útlendingar 4,7% íbúa og eru 4,6% karla með erlent ríkisfang en 4,8% kvenna.

Ef skoða á fjölda íbúa með erlent ríkisfang eftir sveitarfélögum þarf að fara aftur um eitt ár til 1. desember 2004, en nýrri tölur hafa ekki verið birt-

ar. Þá kemur í ljós að hlutfallslega eru flestir íbúar með erlent ríkisfang í Tálknafjarðarhreppi, af vestfirskum sveitarfélögum, en þar er hlutfallið 12,3% eða 40 af 325 íbúum. Í Reykhólahreppi og í Árneshreppi er enginn íbúi með erlent ríkisfang. Í Ísafjarðarbæ er hlutfallið 6,1%, eða 254 af 4.134 íbúum. Í Bolungarvík eru 63 af 930 með erlent ríkisfang, eða 6,8%. Í Vesturbyggð er hlutfallið 7,2% eða 74 íbúar af 1.109. Þá eru 12 íbúar með

erlent ríkisfang í Súðavík, af 235 íbúum, eða 5,1%. Í Kaldrananeshreppi eru 3 af 117 með erlent ríkisfang, eða 2,6% íbúa. Í Bæjarhreppi eru það 2 af 103, eða 1,9% og 1 af 53 í Broddaneshreppi eða 1,9%. Þá kemur á óvart að af 465 íbúum í Hólmavíkurhreppi er einungis einn skráður með erlent ríkisfang.

Af 63 útlendingum í Bolungarvík eru 20 karlmenn og 43 konur. Í Ísafjarðarbæ eru 119 karlmenn og 135 konur. Í

Tálknafjarðarhreppi eru 22 karlmenn á móti 18 konum. Í Vesturbyggð eru 36 karlmenn á móti 38 konum. Í Súðavíkurhreppi eru 3 karlmenn á móti 9 konum. Í Kaldrananeshreppi er 1 karlmaður og 2 konur. Í Bæjarhreppi er eitt af hvoru kyni. Í Broddaneshreppi er enginn karlmaður og ein kona, en í Hólmavíkurhreppi er 1 karlmaður en engin kona.

Allar tölur að ofan eru fengnar frá Hagstofunni.

– eirikur@bb.is



Hlutfallslega eru flestir íbúar með erlent ríkisfang í Tálknafjarðarhreppi.



## Fréttaráttal ársins 2005 – fyrri hluti

## Viðburðaríkt fréttaráttal að baki

Leiðindaveður og gríðarmikil ofankoma fékk ekki stöðvað árið 2005 sem hóf innreið sína í líf Vestfirðinga stundvíslega þar sem mættust gamlársdagur 2004 og nýársdagur 2005. Áramótabrennum í Skutulsfirði, Hnífsdal og Bolungarvík var frestað vegna veðursins og voru á endanum ekki haldnar fyrr en 2. janúar. Óshlíðarvegur, Súðavíkurlíð og Kirkjubólshlíð lokuðust á gamlárskvöld. Þá voru nokkur hús rýmd í Skutulsfirði, Öfundarfirði, Korpudal, Bolungarvík og Dýrafirði þann 2. janúar vegna slæms veðurútlits. Í tilkynningu frá almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar var lögð áhersla á að íbúar héldu sig innandyra og fylgdust vel með veðri og veðurspám sem og tilkynningum nefndarinnar. En þó Vestfirðingar mættu glíma lítilliga við náttúruöflin í byrjun árs áttu aðrir um sárara að binda. Gríðarleg flóð höfðu gengið á land við Indlandshaf með skelfilegum afleiðingum. Vestfirðingar létu ekki sitt eftir liggja

## Fyrsta barn ársins

01.01 Fyrsta barn ársins 2005 fæddist á Fjórðungsjúkrahúsinu á Ísafirði klukkan 7:49 í morgun. Þetta er stúlku-barn sem vó 3370 grömm við fæðingu, eða rúmar 13 merkur og mældist 51 sentimetrir. Foreldrar nýársbarnsins heita Anna Lára Guðmundsdóttir og Árni Víðir Alfreðsson. Þetta er fyrsta barn Önnu en fjórða barn Árna.

Fullbúið  
leikhús 2006?

24.01 Rífandi gangur er í uppbyggingu Edinborgarhússins á Ísafirði. „Við stefnum að því að klára að járnklæða húsið og ganga frá lágúsum að utanverðu í vetur“, segir Gísli Halldór Halldórsson, gjaldkeri stjórnar Edinborgarhússins. Næsta skref er gerð leiksalar sem mun rýma allt að 320 manns í sæti eða um 250

manns í kvöldverð. Þá verður þar fullbúið leikhús ásamt búningaaðstöðu fyrir leikara, salerni, loftræstikerfi og allt sem því fylgir. „Leikhúsið mun vera á fyrstu og annarri hæð hússins og hluta lágússins sem verði er að reisa. Í hinum enda lágússins er gert ráð fyrir veitingahúsi. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þetta verði um 110 milljónir og höfum við fengið um helming þess frá ríkinu en eftir á að semja við bæinn um að koma með viðbótarfjármagnið í samstarfi við menntamálaráðuneytið. Ef allar áætlanir ganga upp vonum við að þetta verði klárt vorið 2006“, segir Gísli.

Stórgóður  
árangur hjá SFÍ

24.01 Ísfirðingar stóðu sig með þrýði á bikarmóti Skíða-sambands Íslands í skíða-

frekar en aðrir landsmenn við söfnun fjár til handa nauðstöddum í Asíu, og voru meðal annars haldnir styrktartónleikar á Þingeyri og á Ísafirði þar sem fjöldamargir tónlistarmenn gáfu vinnu sína. Fyrri hluti ársins 2005, sem tekinn er fyrir í fyrri af tveimur annálum Bæjarins besta, var þó markaður af fleiru en baráttunni við náttúruöflin heima og að heiman. Meðal þess sem hæst bar var stofnun Háskólaseturs á Vestfjörðum, en menntun í heimabyggð er meðal mikilvægustu stólpa hvers samfélags. Þá héldu KFÍ og Litli Leikklúbburinn upp á 40 ára afmæli sín með stuttu millibili, og vestfirskir íþróttamenn og listamenn stóðu sig almennt með stórkostlegri þrýði. Í það heila tekið hljóta Vestfirðingar að geta verið ánægðir með líðið ár og vonandi horfa þeir átakaglaðir til þess næsta með hjartansýni og þor í hjarta. Síðari hluti ársins 2005 verður svo tekinn fyrir í næsta blaði.

BG og Ingibjörg  
saman á ný

göngu sem fór fram á Akureyri um helgina en ellefu keppendur frá Skíðafélagi Ísfirðinga (SFÍ) tóku þátt. Mótið hófst á föstudag með sprettgöngu. Þar varð SFÍ fimmfaldur sigurvegari og daginn eftir er keppt var í frjálstri aðferð endurtóku Ísfirðingarnir leikinn með öðrum fimmföldum sigri. Mótinu lauk í gær með keppni í hefðbundinni aðferð og voru þar þrjú sigurveg-arar úr hópi SFÍ.

Sólveig G. Guðmundsdóttir sigraði í öllum keppnum í flokki stúlkna 13-14 ára og Brynjólfur Óli Árnason í flokki pílta 15-16. Stefán Pálsson sigraði í sprettgöngunni og göngu með frjálstri aðferð hjá piltum 13-14 ára.


Kristján Ó. Ásvaldsson varð hlutskarpastur pílta 17-19 ára í sprettgöngunni og göngu með frjálstri aðferð og Ólafur Th. Árnason sigraði í sprettgöngunni í flokki karla 20 ára og eldri.

26.01 Ein allra vinsælasta hljómsveit Vestfjarða fyrr og síðar, BG og Ingibjörg, mun koma saman að nýju á Sólar-kaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík sem haldið verður á Broadway á föstudag. Hljómsveitin naut mikilla vinsælda um land allt á árum áður og fá eru þau danshús landsmanna sem hljómsveitin hefur ekki fyllt. Hljómsveitin mun leika nokkur af sínum vinsælustu lögum á dagskrá Sólar-kaffisins og einnig mun sveitin leika fyrir dansi að borðhaldi loknu. Baldur Geirmundsson hljómsveitarstjóri sagðist að vonum nokkuð spennur fyrir endurkomunni. Á föstudag verður sveitin skipuð sömu mönnum og þegar hún var hvað vinsælust.

## Ný bensínstöð

Vestfirðingur ársins  
2004 átti líka gott ár

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, Mugison, var valinn Vestfirðingur ársins 2004 samkvæmt vali lesenda bb.is. Þá var hann tilnefndur til fimm verðlauna á Íslensku tónlistarverðlauninum síðar á árinu, og fór heim með fjögur. Ein fyrir lag ársins og ein fyrir popplötu ársins, ein fyrir besta plötuumslag ársins og ein sem flytjandi ársins. Örn Elías stóð einnig fyrir í samvinnu við föður sinn og fleiri aðila, tónlistarhátíðinni „Aldrei fór ég suður“ sem haldin var í annað skipti í Edinborgarhúsinu á Ísafirði um páskana. Örn Elías hefur staðið sig frábærlega á tónlistarsviðinu á undanförunum



árum. Hann hefur gefið út einar fjórar breiðskífur, tvær af þeim eru frústandandi popplötur, Lonely Mountain og Mugimama - is this monkey music? og tvær voru gerðar fyrir bíómyndir, annars vegar Næsland Friðriks Þórs og hins vegar Little Trip to Heaven Baltasars Kormáks.

27.01 Óðum styttist í að framkvæmdir hefjist við byggingu bensínstöðvar Atlantsólú á Skeiði á Ísafirði. Sem kunnugt er fékk fyrirtækið útlutað lóð þar fyrir nokkru síðan. Geir Sæmundsson framkvæmdastjóri Atlantsólú segir að í næstu viku opni ný stöð félagsins við Sprengisand í Reykjavík. „Þegar þeirri framkvæmd lýkur verður tekið til við næstu stöð félagsins sem verður á Ísafirði. Við vinnum með eitt teymi við þessa vinnu og vonandi kemst okkar fólk á fullt í undirbúning framkvæmda á Ísafirði þegar stöðin á Sprengisandi opnar. Þá verður farið í að semja við verktaka og síðan geta framkvæmdir

hafist. Verktíminn sjálfur á ekki að þurfa að vera langur en það er of snemmt að spá í það hvenær við getum opnað fyrir vestan. Við munum hins vegar gera það eins fljótt og hægt er“, segir Geir.

Ísafjarðarbær  
verði byggðakjarni

03.02 Verkefnisstjórn um byggðaaætlun fyrir Vestfirði leggur til að tekin verði stefnumarkandi ákvörðun um að Ísafjarðarbær verði byggðakjarni fyrir fjórðunginn. Yrði slík ákvörðun tekin myndi það væntanlega fela í sér að horft yrði til bæjarins þegar ákveðin

## RITSTJÓRNARGREIN

## Tökum til hendinni

Gamla árið var kvatt með stæl. Vestfirðingar reyndust ekki eftirbátar annarra í þeim efnun. Misjafn er smekkur manna og skiptar skoðanir á þessum yfirsýludu gleðilátum á gamlárskvöld, sem útlendingar koma í vaxandi mæli til að bera augum. Áætlað er að Íslendingar hafi kveikt í sem svarar hálfum milljarði króna þessa kvöldstund.

Jóhannes í Bónus varð fyrstur manna til að hljóta verðlaun Ísfirskrar alþýðu: „Við völdum þann mann sem með verum sínum hefur tekist að bæta lífskjör og hægja á fólksflóttu héðan. Það er meira en stjórnálamenn okkar í sveitarstjórn og á Alþingi hafa getað gert svo áratugum skiptir“, svaraði Jón Fanndal, frumkvöðull verðlaunanna, aðspurður hvort ekki væri öfugsnúið að veita einum helsta kaupþýslumanni landsins verðlaun sem kennd væru við alþýðu.

NFS-fréttastofa 365 fjölmiðlavelðisins kom áreiðanlega mörgum á óvart með vali sínu á manni ársins. Gott hjá þeim! Og ekki varð annað séð en að verðlaunahafinn nyti sín vel þar á bæ, blómum skráddur.

Gaman hve ráðamönnum kemur margt á óvart! Líkt og enginn hafi munað eftir tilvist Kjara-dóms, sem árlega hefur fært æðstu embættismönnum þjóðarinnar glaðning í budduna rétt fyrir áramótin. Og svo var mönnum gert að þola þetta í kjölfar áfalls yfir launum barnagæslufólks í höfuðborginni.

Foringjar stjórnmalaflokkanna virtust nokkuð sælir með sig í Kryddisild NFS-fréttastofunna.

Ef frá eru taldir nokkrir hortittir mátti ætla að árið 2005 hefði verið stjórnvöldum létt og vandalítið. Og fram undan gjöfult ár með vaxandi þjóðartekjum. Mismiklar reyndust þó áhyggjur leiðtoganna af skiptingu þeirra milli þegnanna.

Í fyrri hluta nýársávarps síns ræddi forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, um afkomu og aðbúnað aldraðra, sem þyrftu að færast einna fremst í forgangsröð og komst m.a. svo að orði: „Við stöndum í mikilli þakkarskuld við það góða fólk, foreldra, afa og ömmur, ættmenni öll sem ruddu brautir og mikilvægt er að við metum að verðleikum framlag þeirra.“ Síðan sagði forsetinn: „Það er til marks um siðmenningu hverrar þjóðar hvernig hún býr öldruðum ævikvöldið og gerir þeim kleift að njóta árána sem eftir eru, tryggir öryggi og aðhlýningu.“

Það verður að segjast eins og er að mörg undanfarin áramót hefur ekki vantað fögur orð og fyrirheit um nauðsyn þess að kjör aldraðra og öryrkja yrðu bætt. Því miður hefur litlu miðað. Orð forsætisráðherra um að „mikilvægt (sé) að hverjum og einum sé gert kleift að leita sér lífsfyllingar og nýta þá möguleika sem bjóðast til hins ýtrasta“, verða lítt haldbær andspænis skerðingarófræskjunni sem vofir yfir öldruðum og öryrkjum, á öllum sviðum tryggingabóta, lyfti þeir litlafingri til sjálfsbjargar.

Hættum að endurtaka fyrirheitin og tökum til hendinni!

s.h.



## Fréttannaárið 2005 – fyrri hluti

er staðsetning nýrra stofnana eða þegar flutningur starfa eða útibúa stofnana á vegum hins opinbera á sér stað. „Uppbygging Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna á Vestfjörðum treystir sjálfbærnan hagvöxt svæðisins, styrkir nágrannabygginga-lög, eykur samkeppnishæfni svæðisins og er auk þess í samræmi við nýlegar áherslur erlendis sem innanlands [...] Markmiðið er að efla Vestfirði með Ísafjarðarbæ sem kjarna stjórnarsýslu, menntunar og þjónustu á Vestfjörðum. Mikilvægt er í þessu sambandi að horfa ekki eingöngu til uppbyggingar atvinnulífs heldur stefna líka að því að efla hvers kyns þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi og annað sem bætir mannlíf og dregur fólk að. [...] Samhliða uppbyggingu Ísafjarðarbæjar sem byggðakjarna verði þjónusta á öðrum atvinnusvæðum Vestfjarða treysti í sessi“, segir í tillögnum.

Gert er ráð fyrir að ákvörðun um þessi mál verði tekin á árinu.

### Háskólanám og rannsóknir

**04.02** Verkefnisstjórn um byggðaaætlun fyrir Vestfirði gerir það að tillögu sinni að fjárhagslegur grundvöllur Þekkingarseturs Vestfjarða verði tryggður og að framkvæmdastjórn verði ráðinn að stofnuninni sem verði samræmingaraðili. Virðast tillögur verkefnisstjórnarinnar því í samræmi við þær tillögur sem kynntar voru fyrir stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða fyrir nokkru síðan og urðu tilefni blaðaskrifna Ólínu Þorvarðardóttur stjórnarformanns Fræðslumiðstöðvarinnar. Í minnisblaði verkefnisstjórnarinnar til iðnaðarráðherra í nóvember 2003 er reiknað með að Fræðslumiðstöðin verði að nýju flutt í Vestrahúsið á Ísafirði og verði þar til húsa ásamt Þekkingarsetrinu. Þar er heildarstofnanaáætlun 95 milljónir króna, þar af 71 milljón vegna frágangs og flutnings.

Rætt er um að áætlað sé að meginhlutverk Þekkingarseturs verði á tveimur sviðum. Annars vegar háskólanám, bæði staðbundin kennsla og fjarnám og hins vegar rannsóknir í samstarfi við háskóla- og rannsóknarstofnanir sem eru með starfsemi á svæðinu. Í minnisblaði um háskólasætur á Vestfjörðum sem verkefnisstjórnin sendi Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra í nóvember 2003 segir að fyrir liggja að efla frekar starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og finna henni framtíðarhúsnæði þannig að hún geti betur unnið að uppbyggingu háskólanáms og veitt nemendum þá þjónustu og aðbúnað sem nauðsynlegur er talinn.

### Erótísk spennumynd

**07.02** Undanfarna daga

hefur kvikmyndatökulið frá Bandaríkjunum dvalið á Ströndum við upptöku á nýrri kvikmynd. Leikstjóri og framleiðandi myndarinnar heitir Sean Harris en hann hefur komið nokkrum sinni áður í heimsókn á Strandir og heillaðist svo af umhverfinu að hann ákvað að taka upp hluta næstu kvikmyndar sinnar á svæðinu. Kvikmyndin heitir Assassin 62 sem gæti útlagst á íslensku Launmorðingi 62. Myndin er erótísk spennu- mynd sem fjallar um tálkvendi og náttúruverndarsinna sem eldist við veiðþjófa og seljendur nashyrningsdufts sem nýtt er til kynörvunar. Atríði í myndinni eru tekin í gömlu síldarverksmiðjunni í Djúpa- vik og í heita pottinum á Laugarhóli í Bjarnarfirði. Kvikmyndagerðamennirnir dvöldu á Hótel Laugarhóli meðan á tókum myndarinnar stóð á Ströndum.

Aðalleikona myndarinnar heitir Martina Jacova en hún er slóvensk leikkona búsett í Bandaríkjunum. Hún er einnig kunn ljósmyndafyrirsæta, en ljósmyndir af henni hafa birst í mörgum helstu tímaritum heims. Sean Harris hefur gert nokkrar myndir áður en þær hafa ekki verið sýndar hér á landi svo vitað sé.

### Reynir Torfason bjarlistamaður

**08.02** Myndlistarmaðurinn Reynir Torfason var útnefndur bjarlistamaður Ísafjarðarbæjar nú síðdegis. Útnefningin fór fram við afhöfn í Stjórn- sýsluhúsinu á Ísafirði á vegum menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar. „Vestfirskur veruleiki hefur verið viðfangs- efni Reynis Torfasonar, jafnt sem listamanns sem hugsjóna- manns. Hann sér gjarnan aðrar hliðar á máluum en samferðamennirnir og það endur- speglast í listsköpun hans“, sagði Birna Lárusdóttir, forseti bjarlistjómna í ávarpi sínu við afhöfnina í dag. Hún afhenti Reyni listaverkið Litbrigðið eftir Dýrfinnu Torfadóttur og ávísun að upphæð 250 þúsund krónur.

### Ný gata niður Suðurtanga

**10.02** Lögð verður ný gata niður Suðurtanga í sumar að sögn Halldórs Halldórssonar bjarlistjómna en nokkrar umræður hafa skapast undanfarna daga um ástand gatnakarfisins á Suðurtanga eftir bókun Magnúsar Reynis Guðmundssonar bjarjarfulltrúa á fundi bjarlistjómna Ísafjarðarbæjar í síðustu viku. Á þeim fundi svaraði bjarlistjóri Magnúsi með bókun. Halldór Halldórsson bjarlistjóri Ísafjarðarbæjar segir að samkvæmt gildandi skipulagi eigi að koma gata niður á Suðurtanga í beinu framhaldi af Sindragötu. Hann segir að gatan eigi að liggja



## Undirskriftarsöfnuninni „Við viljum jarðgöng“ hrundið af stað

**Hópur fólks í Bolungarvík undir forystu Pálínu Vagnsdóttur hratt af stað undirskriftarsöfnun til stuðnings jarðganga- gerð á norðanverðum Vestfjörðum. Söfnunin fór fram undir yfirskriftinni „Við viljum jarðgöng“. Í formála undirskriftanna sagði að sam-**

**göngur séu forsenda eflingar atvinnulífs, menntunar og menningar á hverju landsvæði. Þá sagði: „Við undirrituð skorum á stjórnvöld að setja jarðgöng á norðan- verðum Vestfjörðum á vegaaætlun, að þau beiti sér fyrir gerð jarðganga frá Bolungarvík til Ísa-**

**fjarðar, þ.e. úr Syðridal í Vestfjarðagöngin sem fyrir eru og jarðganga frá Súðavík til Ísafjarðar við flugvöllinn eins og verið hefur í umræðunni.“ Undirskriftarlistarnir lágu frammi víða á þéttbýlisstöðum við Djúp og skrifuðu fjöldamargir Vestfirðingar undir.**

niður að svæði því sem ætlað er undir olubirgðastöð samkvæmt núverandi skipulagi en fljótlega muni koma í ljós hvaða ákvörðun verður tekin vegna staðsetningu olubirgðastöðvar í framtíðinni. Halldór segir að í fjárhagsáætlun séu ætlaðar 15 milljónir króna í gerð þessarar götu og sem stendur sé unnið að forgangsröðun í viðhaldi gatna og nýframkvæmdum hjá bjarjatæknifræðingi. „Ný gata mun tengja athafnasvæðið neðst á Suðurtanga með betri hætti en er í dag enda er vegurinn þarna ónýtur“, segir Halldór Halldórsson bjarlistjóri.

### Forsætisráðherra í heimsókn

**09.02** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra er í heimsókn á Ísafirði. Í kvöld verður hann með almennan stjórnálfund í Stjórnsluhúsinu á Ísafirði. Guðni Geir Jóhannesson formaður þejarráðs Ísafjarðarbæjar segir komu Halldórs mjög ánægjulega og að hann muni heimsækja nokkur fyrir- tæki og stofnanir í dag. Í hádeginu snæddi forsætisráð- herra hádegisverð á Hótel Ísa- firði í boði bjarlistjómna Ísa- fjarðarbæjar. Þar voru að von- um rædd sveitarstjórnarmál að sögn Guðna og voru þær um- ræður mjög gagnlegar. Guðni segist vonast til þess að sem flestir sjái sér fært að mæta á fundinn í kvöld. „Þetta verður engin hallelújasamkoma. Forsætisráðherra er hér kominn til þess að ræða við fólk og heyra sjónarmið þeirra sem hér búa. Því er mjög mikilvægt að

fólk fjölmenni og komi skoð- unum sínum á framfæri við hann og leggi einnig fram fyr- irspurnir um það sem því ligg- ur á hjarta“, segir Guðni Geir.

### Beraði kynfæri sín

**11.02** Karlmaður beraði kynfæri sín við hlið bifreiðar sem lagt var á Austurvegi á Ísafirði síðdegis í gær. Kona sem sat í bifreiðinni tilkynni málið til lögreglu. Öfundur Jónsson yfirlögregluþjónn segir að maðurinn hafi hulið andlit sitt og því sé ekki grein- argóð lýsing á honum til stað- ar. Maðurinn flúði af vettvangi og er málið nú í rannsókn. Við Austurveg er sem kunnugt er nokkrar helstu skólastofnanir bæjarins en ekki var kenndla í gær vegna foreldraváðtala.

### Vestfirðingum fækkar

**15.02** Á undanförmum fimm árum hafa 3.710 íbúar flutt á brott frá Vestfjörðum eða að meðaltali 742 íbúar á ári. Á sömu árum fluttust til Vest- fjarða 2.846 manns. Þann 1. desember á síðasta ári voru 7.698 íbúar á Vestfjörðum. Má því ætla samkvæmt þessum tölum að á um áratug flytji brott frá Vestfjörðum mann- fjöldi sem nemur öllum íbúum landshlutans í fyrra. Skiptir því tölulega um alla íbúa á tíu ára tímabili því til landshlutans flytur fólk þrátt fyrir að það fólk sé til muna færra en það sem flytur frá Vestfjörðum.

### KFÍ fagnar

**18.02** Kórfuknattleiksfélag

Hér voru um tvöfalt fleiri við- skiptavinir en á venjulegum þriðjudegi“, segir Bergvin Ey- þórsson, verslunarstjóri Bónus á Ísafirði. Aðspurður segist hann ekki vita hvað mjólkur- lítrinn muni kosta í dag, en ekkert bendi til þess að verð- stríði sé lokið.

### Um 40 manns læra hugleiðslu

**14.03** Góð aðsókn var að Raja Yoga hugleiðslunám- skeið sem haldið var í Hömr- um, sal Tónlistarskóla Ísa- fjarðar, á laugardag. „Um 40 manns komu á námskeiðið og þetta var mjög áhugasamur hópur. Ísfirðingar eru mjög andlegt og opið fólk“, segir Sigrún Olsen leiðbeinandi. Er þetta í fyrsta sinn sem Raja Yoga er kennt á Ísafirði en þessi hugleiðsluáferð er kennd af Brahma Kumaris sem er andlegur skóli og starfrækir yfir 5.000 hugleiðslumið- stöðvar í 87 löndum. Velgeng- ni námskeiðsins var slík að Sigrún ætlað að koma aftur 9. apríl og halda námskeiðinu áfram. „Mikill áhugi var fyrir því að halda áfram en í Raja Yoga eru sjö æfingar og á laug- ardag var aðeins kennd sú fyrsta. 25 manns skráðu sig á framhaldsnámskeið eftir mánuð en þangað til mun sá hópur æfa fyrstu æfinguna“, segir Sigrún. Þá verður einnig hald- ið aftur byrjendanámskeið.

### Lárus sigraði breskan boxara

**21.03** Lárus Mikael Knud- sen sigraði í bardaga sínum gegn breskum hnefaleika- manni í keppni á vegum Hnefaleikafélags Reykjavíkur á skemmtistaðnum Broadway á laugardag. „Þetta var rosa- lega gaman og Bretarnir voru mjög góðir“, segir Lárus. Ís- lendingarnir kepptu á móti úr- valslíði bresku lögreglunnar sem unnu keppnina með átta sigrum á móti fjórum. Lárus vann sína víðureign á stigum. Keppnin hefur verið talin ein stærsta boxkeppni ársins en fyrir hana var haldin árs hátíð hnefaleikafélaga innan vé- banda Íþrótt- og ólympíu- sambands Íslands. Þess má geta að sjónvarpstöðin Sýn sýndi frá keppninni í beinni útsendingu. Helmingur að- gangseyrisins rann til styrktar Regnbogabörnum, fjöldasam- taka áhugafólks um eineltis- mál.

### Rokkhátíð alþýðunnar

**27.03** Hátíð í 1.500 manns voru samankomnir á Rokkhá- tíð alþýðunnar. „Aldrei fór ég suður“ sem fram fór í Edin- borgarhúsinu á Ísafirði í gær- kvöldi. Hátíð á þriðja tug hljóms- sveita kom fram á tónleikum- um sem stóðu í 10 klukku- stundir, eða frá kl.15-01. Mikill fjöldi gesta, jafnt inn- lendra sem erlendra, kom gagn- gert til Ísafjarðar til að



## Fréttannáll ársins 2005 – fyrri hluti

fara á tónleikana, og urðu þeir ekki fyrir vonbrigðum, frekar en á síðasta ári þegar hátíðin var haldin í fyrsta skipti. Meðal þeirra hljómsveita sem komu fram má nefna, reggae-sveitina Hjálma, Gruff Rhys, Írafár, Mugison, Trabant, Ghostigital, BMX, Sigga Björns, Nine Elevens auk snillingsins Villa Valla. Litlar annir voru hjá lögreglunni á Ísafirði þrátt fyrir mikinn fjölda gesta á hátíðinni sem og á ölduhúsum bæjarins.

### Miðfell leitar nauðasamninga


29.03 Miðfell hf. sem rekur rækjuverksmiðju á Ísafirði hefur lagt inn beiðni til Héraðsdóms Vestfjarða um að fyrirtækinu verði veitt heimild til nauðasamninga. Búist er við að dómurinn úrskurði um beiðnina á morgun. Nauðasamningarnir munu ná til almennra krafna félagsins og samkvæmt frumvarpi að samningunum býðst félagið til þess að greiða 30% krafna í einni greiðslu innan fjögurra vikna frá því að nauðasamningur hefur verið staðfestur endanlega fyrir dómi. Þá geta kröfuhafar einnig valið að eignast hlutafé í félaginu fyrir sömu fjárhæð að nafnverði og krafa þeirra stendur í á úrskurðardegi. Allar kröfur undir 50 þúsund krónum greiðast að fullu. Í bréfi sem fyrirtækið hefur sent lánadrottnum sínum kemur fram að unnið hafi verið að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins að undanförmu. „Nú hefur með samningum við Bygðastofnun og helstu lánadrottna um skuldbreytingar og nýjum langtíma fyrirgreiðslu, tekist að útvega fjármagn til áframhaldandi aðgerða til bjargar félagsinu“, segir í bréfinu.

### Íslandsmeistari unglinga í fitness

31.03 Sólveig Silfá Sveinsdóttir varð um páskaða Íslandsmeistari í fitness í unglingaflokki kvenna. Í þeim

## Vestfirðingar í Idol-Stjörnuleit

Meðal keppenda sem komust í sjónvarpsal í Idol-stjörnuleit á árinu voru Ísafirðingurinn Helgi Þór Arason og Strandamærin Aðalheiður Ólafsdóttir. Keppnin var haldin í Vetrargarðinum í Smáralind og sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2 á hverju föstudagskvöldi. Sungu þau lög í hinum ýmsustu þemum, meðal annars eftir Sálina hans Jóns míns, lög úr kvikmyndum og lög frá rokkbænum Keflavík. Helgi Þór náði fimmta sæti í keppninni en Aðalheiður komst alla leið í úrslitabáttinn þar sem hún mátti játa sig sigraða fyrir Hildi Völu Einarsdóttur. Helgi Þór var svo í framhaldinu ráðinn sem annar umsjónarmaður stefnumótapáttarins Djúpa laugin, og gekk í



hljómsveitina Heitarlummur ásamt Idol-stjórnum Karli Bjarna Guðmundssyni, Ardísi Ólöfu Víkingsdóttur og Ólmu Rut Kristjánsdóttur, sem gaf út samnefnda plötu nú fyrir jólin. Aðalheiður hefur aldeilis ekki látið sitt eftir liggja heldur og gaf nýverið út sína fyrstu plötu sem kallast Hluti af mér.

flokki eru keppendur yngri en 21 árs. Íslandsmótið fór fram á Akureyri. Sigur Sólveigar kom nokkuð á óvart enda hefur hún aðeins æft íþróttina í rúm tvö ár sem gerir sigur hennar ennþá glæsilegri fyrir vikið. Á vefsíðunni fitness.is er sagt að keppni í þessum flokki hafi verið jöfn en keppendur hafi verið ólíkir í samanburði. Þá er sagt að samræmi og hlutföll hafi verið með ágætum hjá öllum keppendum en þeir hafi verið ólíkir að því leyti að Sólveig Silfá var mest skorin.

### Ósvör opnar á ný

22.04 Sjóminjasafnið Ósvör var opnað í Bolungarvík eftir gagngerar breytingar í gær. Var þá nýbyggt þjónustuhúsnæði formlega tekið í notkun. Við opnunina hélt Elías Jónatansson forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur ávarp þar sem hann

lofaði Geir Guðmundsson sem hefur gegnt starfi safnvarðar um árabíl og verið burðarás þeirrar starfsemi sem fram fer í Ósvör. Hefur starf hans þar og lýsingar á lífinu á fyrri tímum vakið athygli víða um lönd. Einnig bauð Elías velkominn til starfa hinn nýja vermann, Finnboga Bernódsson, sem sinnti vörslu safnsins í sumar og hefur nú verið ráðinn til tveggja ára. Gunnar Hallson bauð því næst gesti velkomna fyrir hönd menningarráðs sem staðið hefur fyrir endurbótunum. Í safninu beið vermaðurinn og var þar boðið upp á íslenskt brennivín, hákarl og harðfisk. Nýrri þjónustumiðstöð hefur verið komið upp við safnið þar sem finna má fróðleiksspjöld um sögu safnsins og salernisaðstöðu. Ósvör sem er endurbýggð verbúð og vinsæll ferðamannastaður hefur nú verið opnað á ný eftir

miklar endurbætur.

### Vegleg afmælishátíð Litla leikklúbbsins

25.04 Um helgina var haldið upp á 40 ára afmæli Litla leikklúbbsins á Ísafirði. Klúbburinn var stofnaður 24. apríl 1965 og hefur staðið fyrir öflugum leiklistarstarfi óslitið síðan. Margir brottfluttir félagar komu til bæjarins til þess að fagna þessum tímamótum með heimamönnum. Hátíðarhöldin hófust á föstudagskvöld með opnu húsi í Edinborgarhúsinu. Þar skoðuðu félagar gamla muni og myndir úr starfsemi klúbbsins og einnig var sýnt nýjasta verk klúbbsins, kabarett sem byggður er á bæjarlífi Ísafjarða. Á laugardagskvöld var hátíðarkvöldverður í félagsheimilinu í Hnífsdal. Veislustjóri kvöldins var Páll Loftsson. Þar skemmtu menn sér með leik, söng og ræðuhöldum fram eftir kvöldi og léku Baldur og Margrét fyrir dansi fram á nótt. „Afmælishelgin tókst mjög vel og var eins og stórt og gott atarmót“, sagði einn félagi í klúbbum í samtali við Bæjarins besta.

### Framkvæmdaleyfi veitt í Leirufirði

28.04 Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur veitt Sólberg Jónssyni leyfi til að freista þess að stöðva landbrot í Leirufirði í Jökulfjörðum. Erindi Sólbergs barst síðla á síðasta ári og hefur síðan verið til umfjöllunar í nefndinni. Til framkvæmdanna þarf að koma jarðýtu til Leirufjarða og óskaði Sólberg einnig eftir leyfi sveitarfélagsins til nauðsynlegra framkvæmda til að koma jarðýtni fram og til baka. Í bréfi sem Sólberg sendi Ísafjarðarbæ kemur fram að á undanförmum árum hafi orðið nokkurt landbrot í firðinum. Til þess að stöðva landbrotið þarf að ráðast í framkvæmdir sem meðal annars felast í gerð varnargarðs og hefur verið sótt um styrk til Landgræðslunnar vegna verksins sem er að fullu

viðurkennt sem styrkhæft.

Á fundi umhverfisnefndar var lagt til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt „enda verði allt jarðrask vegna umferðar vinnutækis til og frá Leirufirði lagfært“, en segir í bókun nefndarinnar. Þá fól nefndin tæknideild bæjarins að hafa eftirlit með því að frágangur verði viðunandi.

### Hömlur á einkaflugi

29.04 Allt einkaflug verður bannað á Ísafirði milli klukkan 7 á morgnana til klukkan 19.30 á kvöldin alla virka daga næstu þrjá mánuði vegna framkvæmda við stækkun öryggis- og endurbyggingu grjótvarnar á Ísafjarðarflugvelli. Tilskipun Flugmálastjórnar þess efnis tók gildi upp úr klukkan hálf tíu í morgun og gildir til og með 26. júlí. Á meðan er allt æfinga-, kennslu og einkaflug bannað. Leiguflyg skal tilkynna flugturni Ísafjarðarflugvallar með að minnsta kosti 2 klukkustunda fyrirvara. Sjúkraflug og annað flug á vegum ríkisins skal tilkynna flugturni með mesta mögulega fyrirvara. Ljóst er að þessi tilskipun hefur í för með sér gífurlegt óhagræði fyrir flugmenn á norðanverðum Vestfjörðum, sérstaklega með tilliti til þess að endurbyggja og lengja á Þingeyrarflugvöll og verður hann lokaður í allt sumar.

### Von á 9.500 farþegum

11.05 Enn eru skemmtiferðaskip að boða komu sína til Ísafjarða í sumar og eru áætlaðar komur nú 19 talsins. Þrátt fyrir að það sé áþekkur fjöldi og í fyrra eru skip sumararsins töluvert stærri og hefur farþegunum fjölgað úr 6.300 í 9.500. Samanlagt eru skipin tæplega 330.000 tonn en í fyrra voru þau samanlagt um 200.000 tonn. Nokkur skipanna munu ekki leggja sig að bryggju vegna stærðar sinnar heldur liggja úti á Skutulsfirði og má þar nefna Prinsendam, Seven Seas Navy og MS Maasdam.

Fyrsta skip sumarins er væntanlegt 13. júní, Costa Allegra sem er 30.000 tonn og mun liggja við ankeri úti á firðinum. Flest sigla skipin undir fána Bahamaeyja, en önnur eru frá Finnlandi, Þýskalandi, Portúgal, Lýbúu, Hollandi og Grikklandi.

### Forseti lýðveldisins í hringflugi

17.05 Fjölmenni sótti opnun tveggja myndlistarsýninga á Ísafirði á sunnudag, en sýningarnar eru haldnar í tengslum við Listahátíð Reykjavíkur. Meðal gesta var Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og verndari hátíðarinnar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Steinnun Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri Reykjavíkur en þau tóku þátt í hringflugi til fjögurra áfangastaða á landinu. „Við fengum frábærar móttökur á Ísafirði og það var gaman að koma svo snemma að morgni. Allir voru í sólskinskapi og fallett veður. Þá heppnaðist opnun sýninganna vel. Þetta eru tverr glæsilegar sýningar en mjög ólíkar“, segir Hrefna Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Listahátíðar. 100 manns tóku þátt í hringfluginu og var farið á tveimur Fokker vélum Flugfélags Íslands. Ísafjarðar var fyrsti viðkomustaður en einnig var flugið til Akureyri, Egilsstaða og Vestmannaeyja en á hverjum stað voru opnaðar myndlistarsýningar í tengslum við Listahátíðina. Á Ísafirði voru þær sýningar myndlistarmannanna Hreins Friðfinnssonar, eins fremsta konseptlistamanns Íslands í Slunkaríki og Elínar Haraldsdóttur í Edinborgarhúsinu. Sýningarnar eru hluti af stærsta myndlistarverkefni sem efnit hefur verið til hér á landi og nær til yfir 20 sýningarstaða. Listahátíð í Reykjavík var fyrst haldin árið 1970 og í ár er hún helguð alþjóðlegri samtímalist. Gert er ráð fyrir að myndlistarsýningarnar á Ísafirði standi út júnímánuð.

● Sælkerar vikunnar · Perla Dögg Jensdóttir og Jón Kristinn Hafsteinsson á Ísafirði

## Ofnakaður silungur

Sælkerar vikunnar bjóða upp á ofnakaðan silung sem borinn er fram með ljúffengu kartöflusalati. Í eftirrétt er ljúffengur jarðarberjaréttur með sætri rjóma- og súkkulaðisósu. Uppskriftin er miðuð við að hún sé fyrir fjóra manns.

### Silungur

Stórt roðflett silungaflak  
Timjan  
Maldon salt  
Dijon sinnep

Kryddið flakið með Maldon salti og timjan öðru

megin og smyrjið með Dijon sinnepi hinu megin. Setjið í álpappír og inn í ofn við 180° hita í um 25-30 mínútur.

### Kartöflusalat

100 g beikon  
1 kg kartöflur  
2 selleristönglar saxaðir  
4 harðsoðin niðursneidd egg  
3 graslaukar saxaðir  
200 g sýrður rjómi  
200 g majónes  
3 msk Dijon sinnep  
½ msk svart pipar

Sjóðið kartöflurnar, kælið og saxið niður. Steikið beikon-

id þar til það er orðið stökkt og saxið niður. Hrærið saman við egginn, sellerífið og graslaukinn. Blandið saman sýrða rjómanum, majónesinu, sinnepinu og svarta piparnum. Hrærið svo öllu saman.

### Eftirréttur fyrir fjóra

1 box fersk jarðarber  
½ peli rjómi  
2 msk púðursykur  
3 msk grenadínsyrup  
100 g sýrður rjómi  
4 msk brætt Mars súkkulaði

Skerið jarðarberin í tvennt og setjið í fjórar skálar. Þeytið



rjómann og blandið saman við hin hraefnin. Hellið svo yfir

jarðarberin og berið fram. Við skorum á Katrínu Arn-

dóttir á Ísafirði til að verða næsti sælkeri vikunnar.



**Fréttannaárið 2005 – fyrri hluti**

**Stolnum málverkum skilað**

18.05 Tveimur málverkum sem stolið var af kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði um helgina var skilað í dag. „Ég vil skila þakklæti til þjófshópsins fyrir að skila myndunum og fyrir að hafa svona góðan smekk. Myndirnar eru orðnar verðmætari fyrir vikið þar sem þetta skapar sögu á bak við þær“, segir Reynir Torfason, listamaðurinn sem málaði myndirnar. Málverkin komu í pósti og voru þau send frá Reykjavík. „Málverkin voru mjög vel þökkuð inn og komu með pósti stíluð á Langa Manga í morgun“, segir Reynir. Eins og greint hefur verið frá var fyrri málverkinu stolið á föstudagskvöld og því seinna á laugardagskvöld en bæði kvöldin var uppkoma á kaffihúsinu og húsfyllir. Að sögn ráðamanna Langa Manga verður ekki gripið til frekari aðgerða vegna þjófnaðarinnar þar sem sá sem í hlut á sá að sér og skilaði myndunum.

**Bílar pakkaðir í plastfilmu**

19.05 Þegar nokkrir bílaeigendur á Ísafirði komu að ökutækjum sínum í morgun blásti við þeim einkennileg sjón. Einhver eða einhverjir hafa tekið sig til og pakkað bílum þeirra í filmuplast. Að sögn Ónundar Jónssonar yfir-lögregluþjóns hafa borist fimm tilkynningar um slíkan verknáð víðs vegar um bæinn. Hann segir að þrátt fyrir að við fyrstu sýn hafi engar skemmdir orðið á bílunum sé um hvímléiðan verknáð að ræða. Þeir sem orðið hafa vitni að þessum gjörningum í nótt eru beðnir að hafa samband við lögregluna á Ísafirði. Fyrir skömmu kom svo í ljós að þarna voru á ferðinni þrjú ungir menn, en einn þeirra heldur úti bloggsíðu þar sem nálgast má myndir af hreknum sem framinn var í nótt.

**Tíndu tæpt tonn af rusli**

08.06 Rúmlega 60 unglíngar mættu til vinnu í gærmorgun er Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar hóf starfsemi sína á ný. Fyrsta verk þeirra var að tína rusl og voru um 70 ruslapokar fylltir og tæpt tonn af rusli tínt upp víða um Ísafjörð. Þá má nefna að einn unglíngur taldi um 500 sígarettustubba á tveimur klukkustundum ofan í pokann hjá sér. Vinnuskólinn verður með álfka snið og síðastliðin ár en þó nokkrar breytingar hafa orðið á hópaskiptingum. Verður núna reynt að leyfa sem flestum að vinna mismunandi verk. Fjöllistahópurinn Morriinn mun einnig starfa í sumar á vegum Vinnuskólans og mun hann setja upp ýmsa viðburði í bænum. Flokkstjór-

ar Vinnuskólans segjast hlakka til starfsins og vona að allt muni ganga að óskum í sumar.

**Hundahald bannað**

16.06 Útlit er fyrir að innan tíðar verði óheimilt með öllu að fara með hunda um miðbæ Ísafjarðar, þ.e.a.s. Hafnarstræti neðan Mánagötu, um Silfurtorg eða Aðalstræti ofan Skipagötu. Undanþegnir verða hundar sem notaðir eru við löggæslu- eða björgunarstörf og aðstoðarhundar sjúkra og/ eða blindra einstaklinga. Er þetta liður í endurskoðun samþykktar bæjarins um hundahald sem nú er til umræðu. Lítilsháttar breytingar verða á samþykktinni, þær viðamestu án efa þær sem greint er frá hér að ofan. Þá verður undanþága til hundahalds ekki lengur háð meðeigendum í samþýli hafi umsækjandi sérinnangang að íbúð sinni, en öll viðvera hunds um sameiginleg rými er þá stranglega bönnuð.

**Ný steypustöð**

21.06 Ásel á Ísafirði hóf á föstudag framleiðslu á hellusteini í nýrri steypustöð fyrirtækisins á Suðurtanga. „Við byrjum á að framleiða kantstein, svo 30X30 sm. hellur og þar næst garðahellur, tromlaðar og ótromlaðar. Til að byrja með verðum við með 4 gerðir af hellum, en getum framleitt allt að 20 gerðir í stöðinni“, segir Skafti Elfásson hjá Ásel. „Þá verðum við með venjulegan götukantstein og garðakantstein.“ Ásel býður nú allhliða garðþjónustu; hellulagnir, steypu, slátt, eitrún, klippingu, sandsölu, upp-mælingar, milligöngu um tré-palla og almenna ráðgjöf við garða.

**Frjósöm áhöfn á Jaxlinum**

24.06 Óhætt er að segja að mikil barnalán ríki um borð í vestfirsku strandflutningaskipinu Jaxlinum en samanlegt munu skipverjarnir eignast þrettán börn eða barnabörn á þessu ári. „Hjá okkur á MS Jaxlinum er töluvert mikil frjóssemi miðað við höfðatölu þó að við séum ekki allir að verða feður þá eru nokkrir að verða afar, allt á einu ári“, segir Einar Vignir Einarsson skipstjóri sem á von á tveimur barnabörnum í ár. Þá á yfirstýrimaðurinn á von á tvíburum. Annar yfirvélstjórninn á von á tveimur barnabörnum og hinn yfirvélstjórninn á von á einu barnabarni. Annar bátsmaðurinn á von á tveimur barnabörnum og hinn bátsmaðurinn á von á einu barnabarni. Kokkurinn á eitt barnabarn. Þá eiga tveir af hásetunum von á sínum fyrstu börnum.

**Færeyskir skipbrotsmenn snúa aftur**



**Átök í Menntaskólanum á Ísafirði**

Nokkur átök áttu sér stað í Menntaskólanum á Ísafirði á árinu 2005 en í lok febrúar var skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, Ólínu Þorvarðardóttur, stefnt af einum kennara skólans, Ingibjörgu Ingadóttur. Til efni þess var að skólameistara þóttu einkunnir prófa í fyrsta áfanga í ensku, sem Ingibjörg kenndi, óeðlilega háar, fór yfir prófin upp á nýtt

og breytti einkunnum 9 nemenda, flestum til lækkunar. Þá var Ingibjörg áminnt, og leitaði hún liðsinnis Félags framhaldsskólakennara í kjölfarið og stefndi skólameistara þarnaft. Þá sagði formaður Félags framhaldsskólakennara ógnarstjórn ríkja í menntaskólanum, sem skólameistari svaraði með að segja félagið gera æruatögu að sér og skólanum. Næst lagði Félag fram-

haldsskólakennara fram stjórnslukvörtun fyrir hönd Ingibjargar vegna þeirrar ákvörðunar skólameistara að láta óháðan aðila fara yfir prófaúrlausnir kennarans. Skólameistari sagði félagið fara offari í málflutningi sínum, en formaður félagsins sakaði skólameistarann um að leggja Ingibjörgu í einelti með aðgerðum sínum. Nýr formaður Félags framhaldsskólakennara sagði

að málið væri til meðferðar í menntamálaráðuneytinu og að í stjórnslukvörtuninni væri farið fram á að ráðuneytið stöðvaði málið. Í lok júní ákvað menntamálaráðuneytið síðan að fela Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera úttekt á stjórnunarháttum og samskiptum innan Menntaskólans á Ísafirði

27.06 Hilmar Larsen og Tóralvur Mohr Olsen, sem báðir björguðust þegar togarinn Egill rauði strandaði undir Grænuhlíð fyrir 50 árum, færðu Björgunarfélagi Ísafjarðar peningagjöf til styrktar starfi félagsins. Þeir félagar voru staddir á Ísafirði um helgina vegna endurfunda björgunarmanna og skipbrotsmanna. Með gjöfinni vildu þeir styrkja starf björgunarmanna á Ísafirði og um leið þakka það mikla starf sem björgunarmenn inntu af hendi þegar áhöfninni af Agli rauða var bjargað fyrir hálfri öld.

**Víkingar á netið**

Áhugamannafélagið Víkingar á Vestfjörðum á Þingeyri hefur opnað vefsíðu á þremur tungumálum. Þar má finna upplýsingar um félagið og verkefni þess á íslensku, ensku og þýsku. Víkingar á Vestfjörðum voru stofnaðir voru árið 2003 til að halda utan um Gísla sögu Súrsónar verkefnið sem er eitt stærsta menningartengda ferðþjónustuverkefnið á landinu. Félagið stóð fyrir uppbyggingu hátíðarsvæðis á Þingeyrarodda. - thelma@bb.is



**Háskólasetur Vestfjarða stofnað við hátíðlega athöfn í Vestrahúsinu**

Háskólasetur Vestfjarða var stofnað við hátíðlega athöfn í Vestrahúsinu á Ísafirði þann 12. mars. Stofnfundurinn var í sal Ísfangs, en ávörp fluttu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Dóra Hlín Gísladóttir framkvæmdastjóri rannsóknastof-

unnar Agars á Ísafirði og Ármann Kr. Ólafsson sem flutti ávarp fyrir hönd sjávarútvegsráðherra. Peter Weiss var ráðinn forstöðumaður Háskólasetursins í lok júní. Peter, sem er frá Þýskalandi, hefur doktorsgráðu m.a. í bókasafns- og upplýsingafræðum, masterspróf í norðurlandamálum, kunnáttu í þýsku, íslensku, sænsku, dönsku, latínu, frönsku, ensku og finnsku.

Þá hefur hann talsverða stjórnunarreynslu, hefur kennt við fleiri en einn háskóla í Þýskalandi og fékk mjög góð meðmæli frá þeim sem hann hafði starfað með, m.a. rektor Háskóla Íslands. Peter kom hingað til lands árið 1997 og talar reiprennandi íslensku, auk annarra tungumála. Alger samstaða mun hafa ríkt í stjórn Háskólasetursins um ráðningu Peters.



Leikarinn Elfar Logi Hannesson var formlega útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2005 í hófi sem haldið var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 28. desember. Hann hefur látið vel að sér kveða í leiklistinni og auk þess að hafa bæði leikið í og leikstýrt fjölda verkum hefur hann beitt sér fyrir kynningu á einleikjaforminu. Hann brautskráðist frá Kómedíulista-skólanum í Kaupmannahöfn árið 1997. Eftir að hafa verið í fjölmörgum verkefnum í Reykjavík fluttist hann ásamt konu sinni Marsibil Kristjánsdóttur og dætrum til Ísafjarðar. Þar sinnti hann ýmsum menningarviðburðum ásamt því að reka kaffihúsið Langa Manga. Meðal annars kom hann á legg einleikjahátíðinni Act alone sem er sú eina sinnar tegundar á Íslandi. Þá er hann stofnandi Kómedíuleikhússins sem er eina atvinnuleikhúsið á Ísafirði. Elfar Logi er fæddur og uppalinn á Bíldudal og hafði hann snemma áhuga á leiklistinni.



# Leiklistin er ástríða

„Ég var nánast alinn upp í leikhúsinu á Bíldudal. Það var nú hálfgerð atvinnuleikhús þar sem Bíldudalur er svo mikill listabær eins frægt er. Foreldrar mínir voru og eru enn mjög virkir í leikfélaginu. Pabbi að leika auk þess sem hann hefur verið formaður félagsins í óratíma og mamma bak við tjöldin en að sauma búninga og annað. Þegar æfingar stóðu yfir fyrir leikrit fengum við börn leikaranna að vera í félagsheimilinu í staðinn fyrir að hanga ein heima. Við kunnum orðið leikritin aftur á bak og áfram. Í kjölfarið var gripið í okkur þegar leita þurfti að börnum til að leika. Mig minnir að það fyrsta sem ég hafi leikið hafi verið tröllabarn í þrettándagledí en þá var ég um 6 ára. Eftir það varð ekki aftur snúið. Ég ákvað það nokkuð snemma að verða leikari.

Reyndar ætlaði ég fyrst að verða flugmaður. En ég hefði aldrei orðið góður sem slíkur þar sem ég er frekar flughræddur. Ég held að það hafi stafað út af því að ég var svo hrifinn af söngvaranum Vilhjálm Vilhjálmssyni og hann var flugmaður. Ég hlustaði á plötur hans sem mamma átti og tók ástfóstri við honum. Svo spillti ekki fyrir að ég hitti hann þegar hann kom eitt sinn til Bíldudals. Hann kom á lítilli rellu og einhverra hluta vegna náði pabbi í hann og ég fékk að fara með. Hann m.a.s. sat undir mér á heimleiðinni og þetta þótti mér afar merkilegt þar sem ég hafði aðeins heyrt í honum á hljómplötum. Hann sat svo heilan dag heima hjá mér og þar með varð hann að goðinu mínu.

En svo rjátlaðist þetta nú af mér um fermingardurinn. Ég fór í héraðsskólann á Reykholpti og þar var ég mun meira upptekinn af félagslífinu heldur en náminu. Þar á meðal leiklistinni, og lék ég þar í nokkrum stykkjum. Þar kenndi okkur leiklist maður að nafni Þorvaldur Jónsson og hann er einn af þeim mörgu leikhúsmönnum sem urðu til þess að ég ákvað að leggja þetta fyrir mig. Hann var mik-

ill áhrifavaldur í mínu lífi og er enn í dag.

Ég hætti snemma í skóla og vann á veitingastað foreldra minna Vegamótum á Bíldudal sem er nú reyndar altumuligt staður með söluvöru allt frá hamborgurum til eyrnarinnna. Þess á milli tók maður þátt í starfi Leikfélagsins Baldurs og var m.a. formaður félagsins í tvö ár. Um þetta leyti, var ég ákveðinn í að leggja fyrir mig leiklistina og þreytti inntökuþróf í Leiklistarskóla Íslands. Mjög eftirsóknarvert er að komast þangað inn og margir um hituna og ég náði ekki inn. Ég var ákaflega fúll með það þar sem þetta var það eina sem mig langaði til að gera. Ég ákvað að hætta þessu bulli og leika aldrei framar. En þegar maður hefur leiklistina í sér þá er hún svo mikil ástríða að maður losnar ekkert við hana. Það er bara staðreynd. Þarna vorum við Marsibil G. Kristjánsdóttir farin að skjóta okkur saman og byrjuðum að búa á Bíldudal. Það var því nóg um að vera í lífinu þó maður væri í fylu úti leiklistina í bili. Árið 1991 fæddist svo fyrsta dóttir okkar, Þórunn Sunneva, af þremur.

Árið 1995 fór ég í Kómedíulista-skólann í Kaupmannahöfn. Sá skóli er svoltið sér á parti og byggir á suður-evrópskum leiklistarhefðum. Ekki er hægt að læra þetta á Íslandi og reyndar ekki mjög víða. Ég var mjög heppinn að komast inn í þennan skóla.

Þegar ég lít til baka tel ég að það hafi verið fyrir bestu að ég komst ekki inn í Leiklistarskóla Íslands því ég var svo ungur og átti eftir að taka út mikinn þroska. Það var mjög sterkur bekkur sem varð til í þessu inntökuþrófi og má þar nefna Ingvar E. Sigurðsson sem er einn besti leikari Íslands í dag að mínu mati. Svo ég skammast mín ekkert fyrir að hafa ekki komist inn.

Haustið 1995 var siglt út til Kaupmannahafnar til að stúdera leiklist við Kómedíulista-skólann þar í borg. Konan mín var kasólétt á þessum tíma og ég varð því að fara einn. Önnur

dóttir okkar fæddist síðan og innan tíðar komu svo konurnar í lífi mínu og mínir bestu vinir til Kaupmannahafnar. Það var mjög gaman endar er Kaupmannahöfn frábær borg. Ég þreifst mjög vel þar og líkaði mig vel lífið. Andrúmsloftið er svipað og á Ísafirði, allir svo „lígeglad“ og ekkert stress eða vesen. Fólk gefur sér sinn tíma og lífs-gæðakapplaupið hefur ekki náð að festa rætur í Danmörku.

Ég var kominn með vinnu á Íslandi áður en ég útskrifaðist og dreif mig því heim með hraði. Það hefði nú verið gaman að vera aðeins lengur í Kaupmannahöfn en maður er svo gjarn á að flýta sér. Eitt-hvað togaði í mig að vera á Íslandi og ég fór þar að leikstýra götuleikhúsi í Reykjavík. Fljótlega eftir það byrjaði boltinn að rúlla.“

## Lífið er til þess að læra af því

„Strax haustið eftir fór ég í sjónvarpið og sá um morgun-sjónvarp barnanna og myndasafnið. Það var eitthvað sem gerðist einn, tveir og þingó. Ég var ráðinn á mánuðegi og fór í fyrstu upptökuna á þriðjudegi. Ég hefði svo sem viljað fá meiri undirbúningstíma en stundum þarf maður bara að hella sér út í hlutina. Þetta var mjög skemmtilegur tími og ég hafði mjög færan dagskrá-gerðarmann með mér í þessu.

Þá var ég líka byrjaður að leika í Móguleikhúsinu og var einnig að leikstýra. Þannig að ferillinn byrjaði mjög hratt. Maður varla hafði tíma til að taka upp úr töskunum. Ég var mjög heppinn því það er ekkert sjálfgefið að þegar maður kemur beint úr erlendum skóla að maður fái verkefni. En ég datt í þann lukkupott. Ég fékk að læra mjög hratt en þá gerðist það sem vill oft gerast hjá ungu fólki þegar hlutirnir gerast hratt. Það vill bregða við að maður brenni sig og mér fannst ég brenna mig mjög illilega. Það var mjög mikið að gera og mikið álag, og þá er oft hætta á því að maður taki því

sem sjálfsgöðum hlut í leikhúsinu. Og þá ekki síður mannlega þættinum. Í eitt og hálf ár hafði maður gígantískt mikið að gera og allt virtist vera svo gott en þá gleymdi maður þessu góða máltæki sem á við alls staðar í lífinu en ekki aðeins í leikhúsinu: Vertu góður við alla á leiðina á toppinn, því þú þarft á þeim að halda á leiðinni niður. Ég man ekki hvaða frægi gæi sagði þetta eða hvort hann var eitthvað frægur. En þetta eru heilög sannindi. Þessu gleymdi ég enda var ég ekki sáttur við mig þegar ég leit um öxl. Maður varð svoltið góður með sig. Ég hef aldrei þolað snobb og fólk sem heilsar manni suma dagana en aðra ekki. Langbest er að koma til dyranna eins og maður er. En þetta gerði ég á þessum tíma og heilsaði bara sumum kollegum. Enda kom þetta allt í bakið á mér. Það var ofboðslega niðurfall að allt væri á uppleið og allir vildu fá mann í vinnu en svo var bara eins og skurfað væri fyrir allt og það var mikið andlegt sjökk.

Lífið er til þess að læra af því og eftir þetta fór ég í nána sjálfsskóðun. Ég tók mér hlé frá leikarastörfum um tíma.

Svo fór maður af stað aftur með nýju hugarfari og ég fór markvisst að reyna byggja upp ferilinn minn. Ég er reyndar svo heppinn að ég hef alltaf getið fundið mér eitthvað að gera. Það hefur frekar farið á hinn veginn að ég hef stundum haft of mikið að gera.“

## Vestfirðingar svoltið kreisi

„Ég setti leikarann á hilluna um stund og fór að leikstýra. Ég fór mikið út á land til að vinna. Meðal annars til Ísafjarðar þar sem ég setti upp barnaleikritið Fuglinn í fjórundi. Í kjölfarið tók ég að mér að leikstýra Morranum. Það gerði ég einnig næsta sumar og þá fórum við konan mín að velta því fyrir okkur hvort við ættum ekki að setjast að fyrir vestan. Aðalástæðan var sú að ég var ekki að pluma mig í borginni og kann mjög betur við mig í fámenninu og stressleysinu. Svo kom auðvitað ekki síður til hversu gott það er að alast upp í litlu sjávarþorpi, eins og maður þekkti af eigin raun. Okkur hjónunum fannst því frábært að geta veitt dætrum okkar tækifæri til að gera slíkt hið sama.

Ég bóka stundum niður hugmyndir þegar þær detta inn í hausinn á mér og þar hafði verið kaffihús í langan tíma. Mig hafði langað til þess á meðan ég bjó í Reykjavík og sú löngun ágerðist þegar við fluttumst vestur. Við Billa, konan mín, ákváðum því að skella okkur á það. Einhvern veginn var það hárrétti tíminn og allt gekk mjög líðlega fyrir sig. Hugmyndin var alltaf sú að opna kaffihús þar sem væri fullt af menningu.

Ein hugmyndin sem ég framkvæmdi ekki var að setja upp leikrit á netinu og sýna það á kaffihúsinu. En ég náði nú ekki að láta verða af því á meðan ég rak Langa Manga en það er aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég held að það gæti verið mjög sniugt að halda uppi leikhúsi á veraldarvefnum. Það gæti líka hentað mjög vel á Ísafirði. Ég hef oft fengið að heyra það að við séum mjög sérstök. Sem er kannski alveg rétt þegar maður þælir því. Við höldum rokkónleika og einleikjahátíð án þess að rukka inn. Allir gera það bara ánægjunnar vegna, svo að jájá það er örugglega ekkert fjarri lagi að við séum eitthvað „Kreisi“.



Elvar Logi í hlutverki Gisla Súrssonar.





segir Logi kíminn.

Elfar Logi setti á stofn Kómedíuleikhúsið sem nú er til húsa í herkastalanum, gamla húsnæði Hjalpræðishersins á Ísafirði.

„Á þessum annríkis tíma eftir að ég kom heim frá skólánum ákvaðum við skólafélagi minn Róbert Snorrason að setja á fót leikhús. Við ætluðum okkur stóra hluti með þetta litla leikhús í Reykjavík. Við settum upp þrjár stuttar sýningar saman. Ég var svo upptekinn á þessum tímupunkti að ég náði ekki að sinna því betur og þetta var það eina sem leikhúsið gerði alveg þar til ég flutti til Ísafjarðar. Þá var félagi minn fluttur til Danmerkur og byrjaður að leika þar svo ég tók bara leikhúsið með mér. Ég var staðráðinn í því að vekja Kómedíuleikhúsið upp frá snöggum svefni sem ég gerði strax á fyrsta árinu.

Fyrsta sýningin eftir endurvakninguna var Leikur án orða eftir Samuel Beckett í Edinborgarhúsinu. Það var mjög skemmtilegt stykki því að verið var að byggja upp húsið og því bara moldargólf og berir

veggir. Áhorfendur voru kappklæddir því það var svo kalt. Næsti leikur var Muggur sem ég samdi ásamt Vigdísí Jakobsdóttur sem var einnig einleikur. Þá ákvað ég að einbeita mér að einleikjum næstu árin og stúdera þá svolítið. Síðan þá hefur Kómedíuleikhúsið sett upp Stein Steinarr og Gísla Súrsson. Verið er að vinna í næsta verki sem er Dimmalimm og verður frumsýnt á næsta ári.

Allt eru þetta einleikir og í kjölfarið varð leiklistarhátíðin Act alone til. Hátíðin hefur verið haldin tvisvar sinnum og hefur fengið frábær viðbrögð. Strax eftir hátíðina í sumar byrjaði fólk að bóka þátttöku sína og nú þegar eru komnar 9 íslenskar sýningar og tvær erlendar á Act alone 2006. Einnig verður boðið upp á masterclass námskeið í leiklist en þar ætlað gamli skólakóngurinn minn frá Kómedíuleikhúsinu að koma til að kenna.

Hátíðin hefur vaxið mjög skemmtilega og vakið mikla athygli. Nú er ísfrski kvikmyndagerðamaðurinn Jó-

hannes Jónsson að klára heimildarmynd um hana sem ég bind vonir við að muni kynna hana enn betur. Við ætlum ekkert að láta staðar numið heldur stækka hátíðina enn frekar. Við munum samt halda áfram að bjóða fólki ókeypis í leikhús. Bæði er þetta kynning á einleikjaforminu og eins er oft erfitt að fá fólk inn í leikhús á sumrin. Þetta er ekki síst mótframlag okkar leikaranna til þeirra sem borga launin okkar, þ.e.a.s. áhorfendanna.

Mjög fáar einleikjahátíðir eru til í heiminum. Það er að minnsta kosti ein önnur í Evrópu sem haldin er annað hvert ár og svo eru nokkrar í Ameríku.

Það var ekkert meðvitað sem olli því að ég fór út í einleiki. Formið valdi mig frekar en ég það. Núna er Kómedíuleikhúsið að gefa út bók um einleiki þar sem finnst ellefu íslenskir einleikir. Sem hefur fengið góðar viðtökur þrátt fyrir að vera ekki enn komin út.

Við eigum að halda því áfram á Ísafirði að gera það sem okkur dettur í hug og alls

ekki að feta í troðnar slóðir.“

### Ísafjörður kjörstaður fyrir listamenn

– Hversu miklu máli skiptir það fyrir þig sem listamann að fá þessa viðurkenningu að vera valinn bæjarlistamaður ársins.

„Ég er eiginlega alveg ótrúlaus. Þegar Þorleifur Pálsson hringdi í mig og sagði mér þetta þá ætlaði ég varla að trúa þessu. Ég varð mjög hræður og bjóst alls ekkert við þessu. Ísafjörður er fullur af mjög hæfu listafólki svo mér datt ekki í hug að ég yrði fyrir valinu.

Konan mín á allavega helming í heiðrinum með mér, ef ekki 60 prósent. Hún gerði mér það kleift að fríka svolítið út með list mína og hugmyndir. Hún hefur stutt alveg ótrúlega vel við bakið á mér. Eina mitt með því að vera heima og sinna börnum og búi á meðan bóndinn er einhvers staðar að leika sér. Ég er fjórða barnið hennar og hefði ekki getað þetta án hennar. Jú, hún á að minnsta kosti 60 prósent af

þessu.

– Er konan þín ekki stolt af þér?

„Ég vona það. Hún virðist allavega ekki skammast sín fyrir mig. Svona yfirleitt að minnsta kosti, eða hún lætur það þá ekki í ljós. Listamannsstarfið er svolítið öðruvísi djöbb en að vinna t.d. á pósthúsi. Maður er að fást við miklið af tilfinningum og það reynir á sálina. Þá skiptir öllu að hafa góða í kringum sig. Ég hef sem betur fer alltaf átt mjög góða vini sem bakka mig upp þegar ég þarf á því að halda. Bæði fjölskyldan og vinir sem hafa alla tíð stutt mig. Þeir eiga í þessum heiðri með mér. Svo síðast en ekki síst Vestfirðingar sem hafa leyft mér að fást við listina. Ég er mun sáttari við mig sem listamann hér fyrir vestan en ég var nokkurn tímann í Reykjavík. Ég þakka því að mér er sýndur góður skilningur af íbúum hér og allir eru boðnir og búnir að hjálpa manni að láta hlutina gerast. Það er ekkert alltaf spurning um fjármagn því það er svo margt annað sem hægt er að gera. Sem dæmi má nefna

að Tónlistarskóli Ísafjarðar hefur verið mjög rausnarlegur og lánað okkur húsnæði fyrir Act alone hátíðina og rukka ekki krónu fyrir það. Þannig er þetta út um allan Ísafjarðarbæ. Þess vegna hefur skortur á fjármagni aldrei flækst fyrir okkur. Enda á það ekki að skipta máli í listinni þó alltaf sé nú betra að hafa nokkrar krónur í vasanum þegar maður ætlar að framkvæma hlutina. Ég hefði aldrei getað gert 30 prósent af því sem ég hef gert síðan að ég flutti til Ísafjarðar í Reykjavík. Þetta er kjörstaður fyrir alla sem vilja fást við listina. Og ég hvet alla listamenn til að flytja út á landsbyggðina það er bara svo miklu meiri jákvæð orka þar. Ég held að það sé nokkuð öruggt að þeir gætu komið miklu meiru í verk auk þess að vera mun sáttari við verkin sín.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem hafa mætt á sýningarnar okkar og tekið þátt í öllum ævintýrunum til þessa. Ég ætla nú ekkert að láta staðar numið, það eru enn fjölmargar hugmyndir eftir í bókinni minni góðu“, segir Elfar Logi.



## Smáauglýsingar

Óska eftir íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði, helst 3ja herb. Langtímaleiga. Reyklaus. Upplýsingar í síma 849 5315.

Til sölu eru ný 32" nagladekk. Seljast með góðum afslætti. Uppl. í síma 846 7479.



## Páfiðrildi ferðaðist með jólatré

Páfiðrildi (*Inachis io*) fannst í Bolungarvík á dögnum. „Guðlaug Bernósdóttir sá að heimiliskötturinn var að leika sér að einhverju og reyndist það vera páfiðrildi, en nokkuð laskað af leik kattarins“, segir í frétt á vef Náttúrustofu Vestfjarða.

Páfiðrildi eru útbreidd í Evrópu norður til Skandinavíu og lífa á netlum. Þau berast til Íslands næstum árlega en aldrei borist í einu. Fiðrildin berast með ýmis konar varningi. Að því er fram kemur á [nave.is](http://nave.is) hefur páfiðrildi líklega borist með jólatré frá Danmörku.

## Afmæli



Í dag, miðvikudaginn 4. janúar er Heiðar Guðmundsson, rafvirkjameistari á Ísafirði sjötugur. Hann tekur á móti ættingjum og vinum föstudaginn 6. janúar kl. 20:00 í Oddfellowhúsinu á Ísafirði.

## Fengu styrki úr Minningarsjóði Gyðu

Fjórar vestfirskar konur fengu afhentan 200.000 króna styrk úr Minningarsjóði Gyðu Maríasdóttur milli jóla og nýárs. Þær eru Brynhildur Hjaltadóttir sem stundar hönnunarnám í lðnskólanum í Reykjavík en stefnir á gullsmíðanám, Dagný Prastardóttir sem stundar nám í glerlist við Edinburgh College of Art, Herdís Anna Jónasdóttir sem nemur tónlist og söng við Listaháskóla Íslands og er nú við nám í Austurríki og Rúna Esradóttir sem er í Listaháskóla Íslands við nám í tónlist og tónsmíðum. Í ár bást stjórn sjóðsins fimm umsóknir en einni var hafnað þar sem hún samræmdest ekki reglum sjóðsins. Afhendingin fór fram í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað á Ísafirði. Rúna og Herdís Anna voru fjarstaddir.

Gyða Maríasdóttir veitti Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði forstöðu frá 1924 og



Ólína Þorvarðardóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Inga Á. Karlsdóttir sem sitja í stjórn sjóðsins ásamt þeim Dagnýju Prastardóttur, Brynhildi Hjaltadóttur og Sigríði Ragnarsdóttur sem tók við styrknum fyrir hönd dóttur sinnar Herdísar Önnu Jónasdóttur.

til dauðadags árið 1936. Gamlir nemendur Gyðu stofnuðu sjóð til minningar um hana á fimmtíu ára afmæli skólans árið 1962. Í fyrstu var hlutverk sjóðsins að styrkja stúlkur frá

Ísafirði eða nærsveitum til náms í heimilisfræðum eða skyldum greinum en nú er markmið hans að veita vestfirskum konum námsstyrki og styrkja starfsemi á sviði menn-

ingar og lista. Á árinu 2004 hafa alls 28 konur hlotið styrk úr sjóðunum og sumar oftar en einu sinni.

Formaður sjóðsstjórnar er Sigrún Guðmundsdóttir, kenn-

ari á Ísafirði, tilnefnd af Kvenfélaginu Ósk, en aðrir í stjórn eru Inga Á. Karlsdóttir, Landsbankastjóri á Ísafirði, og Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari. — [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)

## Segir enga sérstaka ástæðu til að funda um póstmál í Ísafjarðardjúpi

Sturla Böðvarsson samgöngumálaráðherra segir enga sérstaka eða aðkallandi ástæðu til að kallaður verði samfundur með þingmönnum og heimamönnum um póstmál í Ísafjarðardjúpi líkt og Jón Bjarnason, Jóhann Ársællsson og Sigurjón Þórðarson, þingmenn Norðvesturkjördæmis, fóru fram á í bréfi fyrir stuttu. Í svarbréfi Sturla segir meðal annars: „Vegna þessa bréfs þriggja þingmanna Norðvesturkjördæmis sem að því er virðist er sent að frumkvæði Jóns Bjarnasonar alþ.m. skal tekið fram að málefni póstdreifingar í Ísafjarðardjúpi eru í viðeigandi farvegi á vettvangi Íslandspósts. Samkvæmt upp-

lýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér frá forstjóra Íslandspósts er ekki um að ræða grundvallarbreytingar á pósthjónustu. Því er engin sérstök eða aðkallandi ástæða til þess að þingmenn verði kallaðir til fundar.“

Í bréfi þingmannanna þriggja var annars vegar rætt um „grundvallarbreytingar á pósthjónustu“ og hins vegar „fjölbætt þjónustuhlutverk“ sem landpóstur hefur sinnt fyrir íbúa Ísafjarðardjúps. Í fyrri tilvikinu má geta sér til um að þingmenn eigi við þá fyrirætlun að skilja póst eftir í geymslu á víðavangi í Langadal, en í því seinna má segja sér að rætt sé um aðra þjónustu sem

Gunnar Pétursson landpóstur hefur veitt íbúum við Ísafjarðardjúp, svo sem að veita íbúum far til hinna þéttari byggða og skutlast með ýmsar nauðsynjavörur og sendingar fram og til baka. Ekki er að sjá að Sturla svari neinu hvað varðar þá aukahlutverk póstsins sem fellur niður með komandi breytingum á fyrirkomulagi póstdreifingar.

Þá segir áfram í bréfi Sturla: „Þess skal getið að samgönguráðuneytið hefur haft milli-göngu um að forsvarsmenn Íslandspósts og sveitarstjórnir í Súðavíkurhreppi eigi viðræður um fyrirkomulag pósthjónustunnar í þeim tilgangi að tryggja sem best þjónustu við

íbúa við Ísafjarðardjúp með samstarfi Íslandspósts og þeirra aðila sem eðlilegt er að komi að því að tryggja sem best þjónustu í þessu víðfeðma sveitarfélagi. Jafnframt hefur ráðuneytið af þessu tilefni átt viðræður við forstjóra Pósts- og fjarskiptastofnunar vegna þeirra reglna sem í gildi eru um pósthjónustu í dreifbýli og stofnunin hefur eftirlit með. Samgönguráðuneytið mun fylgjast með framvindu mála við Ísafjarðardjúp og eiga viðræður við forsvarsmenn sveitarfélagsins í þeim tilgangi að stuðla að farsælli lausn mála.“

Eins og sagt hefur verið frá mun landpósturinn í Ísafjarðardjúpi, Gunnar Pétursson,

láta af störfum nú um áramótin og ekki er gert ráð fyrir að ráðinn verði maður í hans stað. Þess í stað mun sunnanpósturinn koma með póstinum í Langadal þar sem hann verður skilinn eftir í til þess ætlaðri geymslu þar til Hólmavíkurpósturinn nær í hann og kemur honum á bæi í Ísafjarðardjúpi. Þess má geta að póstur inniheldur oft hluti sem ætlast er til að fari milli líðaust á áfangastað svo sem lyf, samninga, kreditkort, ávísanahefti og þess háttar, svo ekki sé minnst á persónulegri verðmæti. Engar upplýsingar hafa fengið um byggingarlag póstgeymslunnar eða hvenær henni verður komið upp.

## STAKKUR SKRIFAR

## Spennandi ár framundan

Framundan er skemmtilegt og spennandi ár, þótt enginn viti nú hvað árið 2006 færir okkur öllum, Íslendingum og jarðarbúum. Vandí er að spá, einkum um framtíðina. Sumt blasir við. Kosningar til sveitarstjórna verða spennandi og þó. Í Reykjavík eru línur skýrar. Mikið þarf til að breyta því að saga Reykjavíkurlistans sé öll. Áhrifin fjara út hægt og bitandi. Á Vestfjörðum verður meiri spenna. Stjórnmalaflokkar fara að spennast upp. Alþingiskosningar verða ári síðar. Nú leggjast spekingar í miklar vangaveiltur um líklegar niðurstöður. En við kjósendur ráðum þó, ekki satt? Enginn veit hvort eða hvernig náttúra Íslands leikur við íbúa sína á komandi ári.

Fróðlegt verður að sjá hver framvinda efnahagslífs verður. Líklegt má telja að fáar stórar byltur verði ef nokkrar. Hinu má ekki gleyma að Íslandssagan kennir okkur að sé djarft telt megi búast við að tekin áhætta verði raunveruleg. Sókn íslenskra fjárfesta til útlanda stöðvast ekki í bráð. Líkur eru á að enn frekari tengsl verði með þeim og Forseta Íslands. Mörgum líkur illa en öðrum betur. Flestum er sama. Umtal fylgir embættinu.

Kjaradómur verður umtalaður fyrir að fara að lögum. Alþingi breytir þeim vart. Tvískinningur samfélagsins á sér of djúpar rætur. Skoðun Einaris Odds á ekki fylgi til breytinga. Eftirtekt vekur að lítið bar og ber á umræðu um að breyta lögum og afnema Kjaradóm. Enginn vill bera þann kross að

ákvarða alþingismönnum og ráðherra laun. Ekkert heyrir nú um að þeir eigi að vera vel launaðir svo menntað fólk með reynslu fái til að sitja á þingi.

Eitt sinn hefði þjóðin fundið til þess að rækja veiddist ekki við strendur landsins. Nú beinast allra augu að álverum og stóriðju hvers konar. Halda verður uppi háum lífsstíl Íslendinga. Fleira þarf að koma til. Alvöru ferðaþjónusta má ekki stjórna af helgidögum þjóðkirkjunnar. Ferðamenn hljóta að vera velkomnir um jól. Ráði kirkjan matartímum á hótélum verður að láta aumingja fólkið vita að það þurfi að haga sér eins og Íslendingar í útöndum og taka með sér mat til jólaveislunnar. Sé fagmennska takmark ferðaþjónustu verður þessi blettur að hverfa.

Skráðir íbúar á Íslandi eru nærri þrjú hundruð þúsund. Vaxandi hluti á sér annan minningarsjóð en hinn íslenska. Taka þarf mið af því, en íslensk menning á ekki að víkja. Hér býr þjóð við ólíkar aðstæður frá einu héraði til annars. Ísafjarðardjúp kvartar undan minnkandi þjónustu Íslandspósts. Misskilningur er á ferð. Hjálpssemi Gunnars Péturssonar er langt umfram skyldu. Ef rækja á frekari þjónustu en að dreifa pósti ættu þingmenn að hafa til þess vit og kjark að segja svo og ætla til þess fé á fjárlögum. Gleðilegt nýtt ár.

Stakkur hefur rífað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.



Oliutankar olíufélaganna við Suðurgötu.

# Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir alla staði slæma fyrir olíubirgðastöð

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, segir að í raun séu allir staðir fyrir olíubirgðastöð á Ísafirði slæmir staðir. „Olíubirgðastöðin verður að vera á eyrinni“, segir Halldór.

„Í fyrra fengum við arkitekt til að vinna skýrslu um þær staðsetningar sem koma til greina og þeirri skýrslu var dreift til bæjarfulltrúa. Þar hallast arkitektinn helst að staðsetningu á Mávagarði. Kostnaður við það er hins vegar mjög mikill og staðsetningin að margra mati ekki betri en núverandi staður. Auk þess sést alls staðar í tankana og alls staðar eru þeir nærri byggð. Það hefur verið rætt um að færa þá niður á odda Suðurtanga en þar verða þeir enn nær byggð en nú er, því

þar stendur til að byggja á næstu árum samkvæmt nýju skipulagi, auk þess sem þeir væru í fluglínu fyrir flugvöllinn. Einnig hefur verið rætt um að hafa þá á Mávagarði, en þar eru þeir nálægt byggð við Sundstræti og samkvæmt kostnaðaráætlun frá Siglingastofnun myndi það kosta okkur að minnsta kosti 100 milljónir að stækka landsvæðið og setja upp bryggju. Auk þess sem þá væri stöðin nálægt viðkvæmri starfsemi í rækjuindnaði.“

Árið 1950 var gerður lóðaleigusamningur um atvinnusvæði olíufélaganna við Suðurgötu til 99 ára og gildir hann því til 2049. Segir Halldór að þó hluti sammingsins við Suðurgötuna sé reyndar runninn út sé samningur um svæðið sem tankarnir standa á enn í

gildi og verði það til 2049. Í lóðaleigusamningnum er svo ákvæði um að í lok tímabilsins skuli bærinn kaupa upp eignirnar vilji hann ekki leigja lóðina áfram. „Ef við ætlum svo að gera olíufélagunum að flytja sig af lóðinni á leigutímánum þá verðum við líka að kaupa upp eignirnar. Þetta er sama ákvæði og gildir í raun í öllum lóðaleigusamningum“, segir Halldór.

„Þegar við vorum að velja fyrir okkur flutningunum fengum við kostnaðartölur sem miðuðust við reynslu olíufélaganna af flutningum annars staðar. Við fórum ekki í að kalla til dómskvadda matsnefnd en við vitum samt að þessi kostnaður getur rokkað einhverjum milljónum til eða frá. Þetta snýst í raun um það

að olíubirgðastöð verður að vera einhverstaðar við höfnina, því ef við höfum ekki olíubirgðastöð getum við ekki þjónustað skip. Ef við setjumst yfir þetta og veltum fyrir okkur staðsetningu án tillits til kostnaðar þá sér maður að allir staðir eru slæmir. En það breytir því ekki að þessi starfsemi verður að vera. Núverandi staður uppfyllir allar reglugerðir dagsins í dag. Tankarnir við Suðurgötu eru næst kyndistöð Orkubúsins, hægt er að girða það svæði enn betur af og gera snyrtilegra með gróðri og fleiri aðferðum.

Þar sem lóðin er nú fellur hún að því iðnaðarhverfi sem er í kringum hana, þetta er skáti staðurinn. Það hefur í öllu falli engin tillaga að betri stað komið fram ennþá.“

„Olíufélagin hafa óskað eftir að vita hver þeirra framtíðarstaður verði. Þau eru með reglugerð um það hvernig svæðið verður að vera. Olíubirgðastöðin eins og hún er nú er ólögleg og olíufélagin hafa út þetta ár til að gera hana löglega. Þá vilja þau vita hvort þau megi geri hana upp þar sem hún er nú eða hvort þau

eigi að vera á einhverjum öðrum stað. Þá spyrjum við okkur hvort það sé skynsamlegt að færa olíubirgðastöðina, í ljósi þess að við þurfum þá að bæta lóðaleigusamninginn og að þeir munu ekki lenda á betri stað, ekki fyrir okkur og ekki fyrir byggðina. Svar mitt við þeirri spurningu er klárlega nei. Þá vil ég taka fram að tankarnir við Mjósund munu hverfa og gengið verður alveg frá því svæði, það sléttað og grætt upp. Ég held að þeir tankar stingi mest í augu og það svæði í heild“, segir Halldór.

## Góð jól í sorpinu

Sorphirða í Ísafjarðarbæ gekk vel um jólin. „Oftar en ekki er sorpið létt á þessum tíma eins og papparusl og velmegunardót. Það er ekki fyrr en líða fer á að ruslið verður þyngra. Annars hafa þetta verið góð atvinnurekendajól svo að rútínan hefur ekki riðlast mikið hjá okkur og sorpið ekki náð að safnast upp“, segir Ragnar Ágúst Kristinsson hjá Gámabjónustu Vestfjarða. Aðspurður hvort um sé að ræða meira en minna magn af sorpi um síðustu jól en undanfarin ár segir Ragnar að lítil breyting



Vel gekk að hirða sorp í Ísafjarðarbæ eftir jólin.

sé þar á. „Þetta er mjög svipað og hefur verið, eina breytingin er sú að nú voru jólin styttri og þar af leiðandi ekki eins langt á milli þess að hreinsað sé

ruslið. Svo skemmur ekki fyrir að færðin var góð svo að létt er að ganga um á milli húsanna“, segir Ragnar. – thelma@bb.is

### Meðalhiti fyrstu sjö mánuði ársins á Vestfjörðum

## Lægri en á sama tíma í fyrra

Meðalhiti á Vestfjörðum fyrstu sjö mánuði ársins 2005 var 3,9 gráður á Celsíus miðað við 4,1 gráðu á sama tímabili 2004. Meðalhiti í janúar 2005 var -0,6 gráður, í febrúar 0,7 gráður, í mars, 1,6 gráður, í apríl var meðalhitinn 1,8 gráður, í maí 4,3 gráður, júní 8,7 gráður og júlí 11,1 gráða. Hæsti hiti mældist 21. júlí og var 20,6 gráður. Hæsti hiti í janúar

var 9,9 gráður, í febrúar 10,6 gráður, í mars 10,7 gráður, í apríl 13,5 gráður, í maí 13,9 gráður og í júní 15,6 gráður. Lægsta hitastig mældist 15. mars og var -13,6 gráður. Í janúar mældust -11 gráður, í febrúar -10,8 gráður, í apríl -12,6 gráður, í maí -4,6 gráður, í júní -0,5 og lægsti hiti í júlí 2005 mældist 5 gráður.

Heildarúrkoma var mest í janúar eða 111,1 millimetrar.

Í febrúar mældust 48 mm, í mars 37,1 mm, í apríl 66,9 mm, í maí 15,4 mm, í júní 27,3 mm og í júlí 41,8 mm. Mesta sólarhringsúrkoma var 12. apríl, heilir 33,4 mm. Meðalloftþrýstingur var mestur í maí, eða 1.019,4 hektópasköl. Í janúar mældust 998 hp, í febrúar 1.011,9 hp, í mars 1.015,1 hp, í apríl 1.010,7 hp, í júní 1.013,8 hp, og í júlí 1.009,2 hp.



# Nýjar álagningarreglur opinberra gjalda samþykktar í Súðavík



Sveitarstjórn Súðavíkur hefur tilkynnt um nýjar álagningarreglur opinberra gjalda fyrir komandi ár. Þar kemur fram að útsvar verður áfram 13,03%, sem er hæsta mögulega útsvar, en öll sveitarfélög á Vestfjörðum fyrir utan Bæjarhrepp krefjast þess. Fasteignaskatti verður þannig hátt- að að greiða þarf 0,40% af fasteignum í A-flokki, það er íbúðum og mannvirkjum í landbúnaði, en 1,51% af fast-

eignum í B-flokki, sem eru fyrirtæki. Þá verður 0,36% vatnsgjaldsálagning af fasteignamatí húss og lóðar, en lágmarksgjald verður 6.400 krónur. Þá er aukavatnsgjald 8 krónur á rúmmetrann.

Holræsgjald verður 0,15% af fasteignamatí húss og lóðar og rotþrórgjald verður 7 þúsund krónur sléttar. Sorphirðu- og eyðingargjöld fyrir íbúðarhúsnæði, lögbyli og sumarhús skiptast í þrennt; íbúðarhús-

næði og lögbyli í Álftafirði sem greiða 10.481 krónur, sumarhús í Álftafirði og lögbyli í Djúpi sem greiða 5.242 krónur og loks sumarhús innan Kambsness sem greiða 3.310 krónur.

Sömu gjöld fyrir fyrirtæki, stofnanir, félög og aðra löggæðla skiptast í sex hluta. 1) Félagasamtök án skrifstofu, fyrirtæki sem ekki eru í rekstri og fyrirtæki í samrekstri með öðrum sem greiðir gjaldið

greiða ekkert sorphirðugjald. 2) Félagasamtök með pappírsumgang og fyrirtæki með einn starfsmann, einyrkjar greiða 20.963 krónur. 3) Minni skrifstofur, lítill þjónustufyrirtæki, litlar útgerðir og litlar verslanir greiða 34.204 krónur. 4) Litlar fiskverslanir, matvöruverslanir, litlir veitingastaðir og meðalstór iðn- og þjónustufyrirtæki greiða 62.890 krónur. 5) Fyrirtæki með efnaúr- gang, stærri söluskálar, minni

vélsmíðjur og stærri skrifstofur greiða 146.192 krónur. 6) Fyrir sérstakan úrgang frá ofangreindum fyrirtækjum sem ekki er eðlilegt að rúmist innan ofangreindra gjaldflokka skal innheimta 34 krónur á kíló. Sé um óvenjulegan úrgang skal hann innheimtur sérstaklega.

Þá verður hundaleyfisgjald 5.200 krónur og kattaleyfisgjald 2.600.

– eirukur@bb.is

## Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

### Gefur kost á sér í efsta sæti á lista sjálfstæðismanna

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur ákveðið að gefa kost á sér til að leiða lista Sjálfstæðisflokksins í komandi bæjarstjórnarkosningum. Þetta tilkynnti Halldór á fundi í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði á föstudag. „Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til að leiða framboðslista sjálfstæðismanna til sveitarstjórnarkosninga að vori og vonast eftir góðum stuðningi við þá ákvörðun. Hljóti ég endurnýjað umboð sem oddviti framboðslistans mun ég leggja mig allan fram, ásamt samstarfsfólki mínu í

Sjálfstæðisflokknum, um að vinna að góðum árangri flokksins í kosningunum í vor. Undangengin tvö kjörtímabil hef ég sem bæjarstjóri unnið af heilum hug að framgangi Ísafjarðarbæjar og ég er stoltur yfir því að hafa hlotið umboð til þeirra starfa. Ég hef öðlast viðamikla reynslu í starfi mínu sem ég vil gjarnan nýta til áframhaldandi uppbyggingar í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ“, segir Halldór.

Aðspurður hvað hann hyggist gera fari svo að nýr maður setjist í bæjarstjórstól að kosningum loknum, segist

Halldór myndu sætta sig við þá niðurstöðu og sitja út kjörtímabilið sem bæjarfulltrúi. Sjálfstæðisflokkurinn í Ísafjarðarbæ heldur prófkjör þann 11. febrúar á nýju ári. Aðspurður segist Halldór lítið vita um hugsanleg mótframboð í fyrsta sæti listans. „En ég hef orðið var við mikinn áhuga hjá fólki í flokknum og margir hafa hug á því að bjóða sig fram“, segir Halldór og á þar bæði við nýtt fólk og kunnuglegri andlit.

Aðspurður hvort eitthvað hafi gerst á síðustu dögum sem varð til þess að hann tók þessa



Halldór tilkynnti ákvörðun sína á blaðamannafundi á föstudag.

ákvörðun, eða hvort hún sé einfaldlega niðurstaða mikilla vangaveltna, segir Halldór að hið síðara eigi við. „Ég er

þeirrar skoðunar að menn eigi alltaf að hugsa málið af alvöru áður en þeir taka svona ákvörðun. Það á ekkert að vera sjálf-

sagt mál að menn haldi áfram“, segir Halldór og bætir því við að enginn eigi sjálfsagðan rétt á ákveðnu sæti á lista.

## Forsvarsmenn Fossavatnsgöngunnar

### Taka upp samstarf við bandaríska mótshaldara

Forsvarsmenn Fossavatnsgöngunnar hafa tekið upp samstarf við mótariðina „Minnesota Skinnyski Series“ í Bandaríkjunum. Í samstarfinu felst gagnkvæm kynning auk þess sem sigurvegurum verður boðið á milli landanna til þátttöku í mótum. Eingöngu Íslendingar eiga þess kost að geta unnið ferðaverðlaunin í Fossavatnsgöngunni og verður því fyrsta íslenska karlmanninum og konunni sem ná að koma í mark í 50 km göngu

boðið að fara til Bandaríkjanna og taka þátt í einu af mótum „Minnesota Skinnyski Series“. Fossavatnsgöngan og Icelandair bjóða flugfarið en mótshaldarar ytra taka á móti gestunum og sjá þeim fyrir fæði og húsnæði.

„Minnesota Skinnyski Series“ samanstendur af fjórum göngum, Pepsi Challenge, City of Lakes Loppet, Mora Vasaloppet og Minnesota Finlandia. Tvö af þessum mótum, City of Lakes Loppet og Mora

Vasaloppet, eru í hópi allra þekktustu almenningsmóta í Bandaríkjunum og eru þátttakendur venjulega um og yfir tvö þúsund talsins. Hinar göngurnar eru heldur minni, Pepsi Challenge hefur haft um 700 þátttakendur og Minnesota Finlandia um 250.

Mótin fara fram í janúar og febrúar. Þau sem vinna verðlaunin í Fossavatnsgöngunni 2006 munu fara til Bandaríkjanna veturinn 2007.

– thelma@bb.is



## Breytingar á fasteignaskattsreglugerð

### Skilar sveitarfélögum sex hundruð milljónum króna

Breytingar á reglugerð um fasteignaskatt skila sveitarfélögum á landinu 600 milljónum króna á ári í auknum tekjum frá ríkinu þegar þær eru að tekjufullu komnar til framkvæmda, að því er fram kemur í tilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu. Í tilkynningunni segir

meðal annars: „Flestar breytingar frá eldri reglugerð, nr. 945/2000, eru til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á tekjufullu komnar til framkvæmda, að því er fram kemur í tilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu. Í tilkynningunni segir

fækkað verulega. Þær nýju fasteignir sem nú verða skattskyldar eru flestar í eigu ríkissjóðs og mun breytingin skila sveitarfélögum 600 milljónum króna á ári í auknum tekjum frá ríkinu þegar hún kemur að fullu til framkvæmda.“

– eirukur@bb.is

## Nýtt kaffihús við Hafnarstræti?

Útlit er fyrir að verslun Bakarans flytji úr húsnæði sínu í Silfurgötu á Ísafirði í sumar í nýtt húsnæði í Hafnarstræti 14 þar sem hár- og förðunarstofan Ametyst er til húsa og JR-Vídey var þangað til fyrir stuttu. Aðspurður um málið segir Ingunnur

Kristjánsdóttir hjá Bakararum að fyrirtækið hafi þegar gengið frá kaupum á húsinu og ef af verður af flutningunum, muni bakaríðið líklega taka til starfa á nýjum stað einhvern tímann í sumar.

Leigusamningur við núverandi leigjendur er í gildi til 1.

júlí, en þá verður ráðist í breytingar á húsnæðinu. Ingunnur segir að ef af flutningunum verði, megi búast við einhverjum breytingum á rekstrinum. Úrval verði meira og til viðbótar við brauð- og kókusölu verði rekið lítið kaffihús.





Ánægðir aðstandendur brennunnar í Arnardal.

# Mikil stemmning á nýársdagsbrennu

Fjölmenni sótti nýársdagsbrennu við Heimabæ í Arnardal á nýársdag. „Að áliti okkar feðga gekk brennuhaldið mjög vel. Þrátt fyrir slæma veðurspá fengum við mjög fallett veður og það var mikil stemmning“, segir Úlfar Ágústsson sem skipulagði brennuna ásamt syni sínum Úlfi Úlfarssyni. Fengu feðgarnir aðstoð slökkviliðsmanna við brennuna og björgunarsveitamenn

héldu flugeldasýningu. JCI-félagar seldu heitt kakó og pönnukökur í hlöðu Heimabæjar. „Mikið var sungið við undirleik Sæma málara (Sæmundar Guðmundssonar. Innskot BB) á harmóníku en hann er einmitt af Arnardalsættinni og forfeður hans hafa búið á jörðinni frá því um 1750. Af því tilefni að ekki hefur verið tekið niður niðjatal í Arnardalsættinni í um 50 ár skrifaði ég nöfn nokkurra ættarhöfðingja á Ísafirði á stórt spjald og hengdi upp í hlöðunni og það fólk um

að skrifa sig og niðja þeirra niður á það. Þó nokkrir skoðuðu spjaldið og stúderuðu hvernig þeir væru skyldir öðrum á því“, segir Úlfar. Spjaldið hangir enn uppi í hlöðunni á Heimabæ svo fólk hefur enn kost á því að skrifa nafn sitt niður. Úlfar segir að stefnan sé að gera brennuna að árlegum viðburði. „Ef við höldum brennuna aftur þá munum við reyna hafa hana með menningarlegu ívafi og tengja hana sögu hinnar merku Arnardalsætt“, segir Úlfar Ágústsson.

## Sturla fór létt með að draga Örvar

Togarinn Örvar HU frá Skagaströnd fékk trollið í skrúfunu út af Þverálshorni á fimmtudag í síðustu viku og




fékk drátt hjá Klakki að minni Skutulsfjarðar. Þar tók nýr hafnsögubátur Ísfirðinga, Sturla Halldórsson, við drættinum og kom skipinu til hafnar á Ísafirði.

„Sturla fann ekki fyrir þessu, þó að togarinn væri með allt trollið úti og væri orðinn mjög þungur í drætti þegar farið var að grynna. Við vorum á hálfu afli, þurftum ekki að nota meira“, segir Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri á

Ísafirði. Sturla hlaut þarna nokkra eldskír, ef svo má að orði komast, en þetta er fyrsta alvöru áraunin sem báturinn lendir í. „Báturinn sannaði sig þarna, fór létt með að draga togarann að landi og ýta honum upp að bryggjunni. Þyrtur hefði aldrei ráðið við þetta“, segir Guðmundur. Kafarinn Hafsteinn Ingólfsson, sem tók meðfylgjandi mynd, og aðstoðarmaður hans unnu við að skera troll skipsins úr skrúfunni.

– halfdan@bb.is

Gatslitid troll Örvars á höfninni á Ísafirði.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og úttarar okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

**Bettýjar Marsellíusdóttur**  
Guð blessi ykkur öll.

Sigurbjörn S. Magnússon  
Magnús Sigurbjörnsson  
Alberta Sigurbjörnsdóttir  
Finnur B. Sigurbjörnsson  
Guðmundur K. Sigurbjörnsson  
Sigurlaug E. Sigurbjörnsdóttir

Þórunn G. Óskarsdóttir  
Jóhann Guðbrandsson  
Sólveig Pétursdóttir  
Guðrún E. Björnsdóttir  
Sveinn Árnason  
ömmu og langömmubörn.

## Ragnheiður gefur kost á sér

Ragnheiður Hákonardóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri sjálfstæðismanna sem fara á fram 11. febrúar næstkomandi. Sækist hún eftir 2.-3. sæti á listanum. „Ég hyggst gefa kost á mér til áframhaldandi setu og tek þátt í prófkjöriinu sem er framundan“, segir Ragnheiður. „Ég hef verið sitjandi



Ragnheiður Hákonardóttir.

bæjarfulltrúi í átta ár og var varabæjarfulltrúi þar áður, auk þess sem ég hef unnið sem trúnaðarmaður í mörgum málum fyrir bæjarfélagið.“ Þá segir Ragnheiður að hún viti um fleiri sem sækist eftir sömu sætum á listanum og að hún vilji gefa fólki val um það hvort hún haldi áfram störfum sínum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Ísafjarðarbæ.

### Söfnun fyrir Hallfríði Friðriksdóttur

## Stendur fram í miðjan janúar

Á Þorláksmessu las leikarinn Elfar Logi Hannesson jólasögu Dickens á kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði. Markmiðið var að safna fé til styrktar Hallfríði Friðriksdóttur sem missti aleigu sína í bruna á Ísafirði fyrir í mánuðinum. „Fullt af fólki kom inn og hlýddi á mig lesa. Söfnunin gekk mjög vel þó ég sé ekki búinn að taka saman hve mikið safnaðist. Fólk hefur tekið verkefninu afar vel og ekki aðeins hér vestra heldur hefur einnig fólk haft samband víða að til að styðja þetta góða málefni“, segir Elfar Logi. Enn er hægt að styrkja verkefnið með frjálsum framlögum inn á reikning hjá Sparisjóði Vest-

firðinga: 1128-05-1190 og kennitala Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra er 640780-0109. Söfnunin mun standa yfir þar til um miðjan janúar þegar Hallfríði verður afhentur afraksturinn. – thelma@bb.is

Þetta er í þriðja sinn sem Elfar Logi les Jóladraum á Þorláksmessu til styrktar góðu málefni. Í fyrra söfnuðust rúmlega 100 þúsund krónur til MND félagsins.

**HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ**

## Augnlæknir

Augnlæknir verður á Ísafirði dagana 11.-13. janúar nk. Tímabantanir verða fimmtudaginn 5. janúar kl. 08:00 í síma 450 4500.

## Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.  
www.tg.is

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HÖL**  
Hafnarstræti 1 – Ísafirði  
Sími: 456 3244  
Fax: 456 4547  
Netfang: eignir@tg.is  
Heimasíða: www.tg.is

**Einbýlishús/rauhús:**  
Hjallavegur 21: 303 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu. Verð 23 m.kr.

**4-6 herbergja íbúðir:**  
Fjarðastræti 14: fjögurra til fimm herbergja nýlega uppgerð íbúð á miðhæð og í kjallara tvíbýlishúss, samtals 195 m<sup>2</sup>. Verð 14,3 m.kr.  
Pólgata 5a: 138 m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í tvíbýli ásamt hluta kjallara. Verð 5,0 m.kr.  
Skólaga 8: Tvær samtengdar íbúðir í þrjúbýlishúsi, samtals 265 m<sup>2</sup> ásamt fallegum garði, kjallara og góðum bílskúr. Verð 18,2 m.kr.  
Fjarðarstræti 11: 85 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt hluta kjallara, samtals 123 m<sup>2</sup>. Verð 8,0 m.kr.  
Túngata 20: 89 m<sup>2</sup> íbúð á 3.hæð ásamt geymslu í fjölbýlishúsi. Verð 8,0 m.kr.

**Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og rauhús á söluskrá!**

**Hlíðarvegur 29:** 86 m<sup>2</sup> neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, 3 svefnherbergi. Verð 8,0 m.kr.

**3ja herbergja íbúðir:**  
Stórholt 11: 70 m<sup>2</sup> íbúð á 2.hæð fyrir miðju ásamt sérgeymslu í fjölbýlishúsi. Verð 4,5 m.kr.  
Stórholt 13: 79 m<sup>2</sup> íbúð á 2. svölum og sérgeymslu á jarðhæð. Verð 6,5 m.kr.  
Stórholt 7: 74 m<sup>2</sup> íbúð á 1.hæð fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýli, þvottahús er í íbúð. Verð 5,5 m.kr.

**2ja herbergja íbúðir:**  
Fjarðarstræti 2: 84 m<sup>2</sup> tveggja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi með geymslu í sameign. Verð 5,5 m.kr.  
Urðarvegur 78: 77 m<sup>2</sup> stór íbúð á 3.hæð f. miðju ásamt geymslu. Gott útsýni yfir bæinn. Verð 5,9 m.kr.

**Súðavík:**  
Túngata 11: Sumarhús í Súðavík. Steinsteyp 113 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með stórum garði og 33 m<sup>2</sup> bílskúr. Verð 4,3 m.kr.  
Eyrardalur 2: Fallegt 138 m<sup>2</sup> álklætt einbýlishús með 62 m<sup>2</sup> stórum bílskúr og grónum garði. Verð 22 m.kr.  
Aðalgata 16: 184 m<sup>2</sup> einbýlishús í sumarbyggð Súðavíkur. Verð 5,5 m.kr.

**Túngata 10:** 177 m<sup>2</sup> einbýlishús í sumarbyggð Súðavíkur. Verð 7,5 m.kr.

**Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:**  
Thai Koon: 63 m<sup>2</sup> nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu Tilboð óskast.  
Sindragata 7: Samtals 1730 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Tilboð óskast.

**Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is**



# Rokk í Reykjavík!

Ísfirðingurinn Haukur Sigurbjörn Magnússon er virðulegur blaðamaður á daginn og stundar aðstoðarkennslu við Háskóla Íslands einn dag í viku, en um nætur tryllir hann lýðinn og tryllist sjálfur með hljómsveitinni Reykjavík! sem skipuð er Ísfirðingunum Valdimari Jóhannssyni og Guðmundi Birgi Halldórssyni, Hnífsdælingnum Kristjáni Frey Halldórssyni og Reyðfirðingnum Bóasi, auk Hauks sjálfs. Hljómsveitin hefur verið að gera það dæmalaust gott, hefur slegið í gegn í tvígang á Iceland Airwaves, spilað á leynilegum leðurhommaklúbbum í Reykjavík og haldið uppi stuðinu jafnt í Lundúnum sem og Brighton. Næst á dagskrá er að skemmta Kiefer Sutherland og vinum hans í einkapartíi á Þorláksmessu. Bæjarins besta sló á þráðinn til Hauks rétt í þá mund sem dagleg umskipti hans úr virðulegum blaðamanni hjá Blaðinu yfir í ræflokka voru að eiga sér stað. „Ég er að koma á Players í Kópavogi“, segir Haukur. „Blaðið er með skrifstofur í Kópavogi sko, fyrir ofan Sólbaðsstofu. Þetta er voða hallærislegt.“ Svo heyrir blaðamaður Hauk panta sér stóran bjór af krana. „Ég verð að halda upp á að vera kominn í jólafrí“, segir hann. Þegar Hauki hefur verið skenktur bjórinn sest hann niður og við fáum næði til að spjalla.

## Reykjavíkurbólan

Haukur, er hljómsveitin ykkar svona vinsæl eins og manni sýnist?

„Nei, nei. Ég get nú ekki sagt það. Við höfum haldið eina tónleika sem kostaði inná, það var reyndar geðveikt góð mæting á þá. Ég myndi frekar segja að hljómsveitin væri á uppleið. Við erum með plötu á leiðinni og svona. Og þó. Við erum mjög vinsælir. Stelpur elska okkur – og fræg-ir!“

Nú heitir hljómsveitin Reykjavík!, með upphrópunarkerki og öllum saman. Hvað veldur nafngiftinni?

„Það eru nú ýmsar ástæður fyrir þessu nafni. Fyrst og síðast vorum við bara að leita okkur að nafni og það er mjög mikið vesen að finna nöfn á hljómsveitir. Við erum þrír Ísfirðingar og einn Hnífsdælingur í bandinu og við erum allir búnir að búa mismengi í borginni. Söngvarinn okkar, Bóas Hallgrímsson, er reyndar borgarbarn og Reyðfirðingur til jafns. Nafnið er kannski ekki ádeila heldur frekar komment á alla þessa Reykjavíkurbólu. Upphrópunarkerkið er þarna af góðum ástæðum, fólk talar um heimsborgina Reykjavík af mikilli andakt og virðingu. Ég held við höfum allir uppgötvað þegar við fluttum hingað að það var furðu lítið bitastætt að finna miðað við tröllasögurnar sem við höfðum heyrt. Þetta er fín borg og svona, en landsbyggðadrengir eins og við höfum innbyggðað óttablandna virðingu fyrir Reykjavík. „Ertu að fara til Reykjavíkur? Nei! Og í Kringluna? Vá! Í keilu?! Þú ert að grínast!“

## Vinirnir oft ósáttir

„Við höfum reyndar allir gaman af að búa hérna þó bólan standi kannski ekki alltaf undir sér. En svo virkar nafnið líka í alþjóðlegu samhengi, sjáðu til, því útlendingarnir þekkjast „Rekkjavík“. Þá kemur nákvæmlega sama bólan að utan, nema í staðinn fyrir keilu og kringlu er það „dirty weekend“ og Iceland Airwaves. Við fáum ótrúlega mikið af fólki á tónleika sem hefur fallið fyrir goðsögninni um Reykjavík. Mér finnst það ágætt.“

Er uppistaðan í aðdáendahópnum þá útlendingar með stjörnur í augunum yfir Reykjavík?

„Nei, nei. Alls ekki. Ég held við eigum engan sérstaklega skilgreindan aðdáendahóp, utan okkar eigin vinahóps. Og þeir eru meira að segja oft ósáttir, og þá aðallega Teddi. Neikvæða flón. Við eigum allavega ekki svona hefðbundna rokkaðdáendur, við drögum að okkur áheyrendur úr breiðari kreðsum. Sem er náttúrulega það sem ég vil, því mér er illa við takmarkanir og niðurnjörfandi skilgreiningar. Samt spilum við í grunninn frekar beisikk rokkmúsík.“

## Taka upp með samstarfsmanni Bjarkar

Þið eruð að vinna í plötu þessa dagana, hvernig gengur það?

„Við erum ekki alveg búnir að taka hana upp. Við höfum unnið í henni frá því í lok september. Þá fórum við í Gróðurhúsið að taka upp með Valgeiri Sigurðssyni, sem er annars þekktastur fyrir að hafa unnið með Björk á síðustu fjór-um plötum hennar og tekið þær upp. Við erum allir miklir aðdáendur hans og við vorum svo heppnir að hann langaði

til að vinna með okkur. Við erum búnir að taka upp 14 lög, eigum eftir að taka upp söng fyrir tvö þeirra og mixa svona ný lög. Og svo á eftir að mastera allt heila klabbíð.

„Við þurftum að taka pásu frá upptökuferlinu vegna þess að hinn þekkti Bonnie „Prince“ Billy, einnig þekktur sem Will Oldham, gerði sér ferð í Gróðurhúsið til þess að vinna með honum Valgeiri. Þar hefur hann verið að taka upp plötu síðasta mánuðinn. Valgeir er alveg gríðarlega góður upptökustjóri og þetta er ekki síst til marks um það.“

Hvenær ráðgerið þið að vera búnir að klára plötuna?

„Við klárum vonandi í janúar-febrúar. Það er allavega planið eins og er. Þá förum við að skoða útgáfumálin. Við erum í raun að fjármagna þetta sjálfir, enda ekkert óeðlilegra að leggja pening í þetta áhugamál en önnur. Vonandi getum við fengið eitthvað til baka. Við höfum fengið nokkur tilboð sem við erum að skoða en viljum helst bara klára plötuna og bjóða útgáfunum hana svo til sölu. Hugmyndin er þá að hún komi út á vormánuðum.“

## Á leynilegum leðurhommabur

„Við erum bara búnir að vera starfandi í eitt og hálf ár. Fyrstu tónleikarnir okkar voru undir öðru nafni á snjóbrettamóti á Snæfellsnesi, með vinum okkar í The Nine Eleven, en við deilum einum meðlimi með þeim. Debútt-giggið var samt eiginlega á Grand Rokk. Okkur áskotnaðist 20 þúsund kall og keyptum bjór og snakk fyrir hann til að bjóða upp á tónleikunum.

„Síðan áttum við nokkur góð gíg þá árið, sérstaklega var minnisstætt þegar við spilum á Leðurhommabur. Þetta er leynilegur bar á ótilgreindum stað í miðborg Reykjavíkur sem starfræktur er af Íslensku



Leðurhommamasamtökunum, MSC. Við spilum hjá þeim á sumargrilli eftir Gayride-gönguna. Upphíttunaratriðið okkar var drengur sem var í öðru sæti í „International Man of Leather“-keppninni, slökkviliðsmaður úr Kópavoginum. Hann mætti í slökkviliðsbúningi með gasgrímu og stríppaði svo við lagið Feuer Frei með Rammstein þangað til hann stóð á leður-G-strengnum einum fata. Síðan spilum við fimm lög og stórslösuðum okkur á kertum og einhverju dóti. Eftir smá stund kom svo fólk frá Íslensku Óperunni, sem er skammt frá, og kvartaði undan hávaðanum. Við vorum líka boðnir í grillveisluna þeirra fyrir um daginn og þá kom á daginn að margir af færustu meistarakokkunum Íslands eru leðurhommur!“

## Aldrei fór ég suður, Airwaves og alþjóðleg ljóðahátíð

„Síðan spilum við á Iceland Airwaves um haustið sem hafði þær afdrifarfrku afleiðingar að okkur var boðið að fara til Lundúna og spila þar í febrúar. Þar spilum við með fleiri íslenskum sveitum, og spilum síðan meira í Brighton með vinum okkar í Skátum. Það er rosalega gaman að prófa að fara á svona túr. Svo hrönnuð skemmtilegu gíggin bara upp, spilum við í Hafnarhúsinu

á Airwaves, á Aldrei fór ég suður hátíðinni og á Alþjóðlegu ljóðahátíðinni hjá Nýhil. Svo héldum við tónleika um daginn á Grand Rokk með Hairdoctor, það voru fyrstu tónleikarnir sem við rukkuðum inn á og það var svo gaman að hellingur af fólki borgaði sig bara inn, miklu fleiri en ég átti von á. Dans og stemming. Ég kemst svo ekki vestur í jólafrí fyrir en á aðfangadag vegna þess að við erum að fara að spila í einhverju lokuðu boði fyrir Kiefer Sutherland!“

Það er ekkert annað! Hvernig kom það til?

„Við vorum bara beðnir um það. Þetta er eitthvað furðulegt. Þetta verður haldið á efri hæðinni á Grand Rokk á milli sjö og níu, og þar verður Kiefer með lokað boð. Í boði verður kalt borð og brennivín og ýmsar veitingar. Svo spilum við, Mr. Silla og svo Sutherland sjálfur, með vini sínum Rocco. Þarna verða allir helstu menningarráðgjafarinnar. Ég hugsa að þetta verði hjákátlegt, en engu að síður mjög skemmtilegt.“

Er Kiefer Sutherland einn af aðdáendum Reykjavíkur? „Ég efa að hann hafi heyrt í okkur og á allt eins von á að hann fari bara á klósettið þegar við spilum. Við erum hins vegar miklir aðdáendur hans, hann var rosa góður í Lost Boys. Og Flatliners. Bóas er svo mikill aðdáandi 24, en ég hef aldrei séð þá þætti. Ég er að einbeita

mér að Friends-seríunni þessa dagana. Kiefer hefur aldrei verið í Friends og það er eiginlega það eina sem ég get fundið að honum, að hann hefur aldrei verið gestaleikari í Friends. Þetta er samt off the record, þú mátt ekki segja fólki að ég sé að horfa á Friends. Segðu bara að ég sé heima að lesa Foucault og Derrida. Allur á kafi í heimspekinni. Ég er að reyna að afmíðja sjálfan mig hægt og bitandi.“

## Æðsta dyggð mannsins að vera vingjarnlegur

Er það rokk og ról að afmíðja sjálfan sig?

„Ég veit ekki með þetta rokk og ról. Mér finnst einhver skítalykt af því. Rokk og ról er svo töfrafastalegt, mér líkar ekki við svoléiðis. Svona útilokandi töfrafastalegt, til dæmis kaldlyndi og svona, að vera ekki vingjarnlegur. Ég kann mjög vel við að vera vingjarnlegur og finnst það í raun vera ein æðsta dyggð mannsins. Maður þarf kannski ekki að vera vinalegur við þá sem eiga það ekki inni, en það er allt í lagi að taka öllum með opnum hug. Ég vil allavega að þannig sé tekið á móti mér.“

Spilið þið gegn kaldhæðni?

„Ég er nú örugglega frekar kaldhæðinn sjálfur. En jú, kannski gegn kaldhæðni í listum. Ef maður fer t.d. á barinn Sirkus í Reykjavík, þar sem besta tónlistarfólk landsins hangir og drekkur, þá er yfirleitt bara ömurlega leiðinleg tónlist í gangi. Einhver asnaleg diskótónlist frá níunda áratuginum, jafnvel tónlist sem ég þóldi ekki þegar ég var sjálfur á diskótökum í félagsmiðstöðinni. Og fólk hlustar á þetta á þeim forsendum að þetta sé svo fyndið, það verður engin raunveruleg gleði heldur bara gleði innan gæsalappa, gleði með fyrirvara. Við viljum vinna með einlægni, þessa óskiptu ánægju okkar af flutningnum. Einlægni þarf ekki að vera aumingjaleg, maður þarf bara að meina það sem maður er að gera og gera það án formerkja og fyrirvara“, segir Haukur S. Magnússon, blaðamaður og rokkari.

– eirikur@bb.is



Rokkarinn og blaðamaðurinn Haukur Sigurbjörn Magnússon.





# mannlífíð

Abendingar um efni sendist  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu  
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn  
4. janúar, 4. dagur ársins 2006

**Pennan dag** árið 1740 voru ung systkini, Sunnefa og Jón, dæmd til lífláts í Múlaþingi fyrir að eiga barn saman. Mikill málarekstur fylgdi í kjölfarið. Hún lést 17 árum síðar og um svipað leyti var hann dæmdur til ævilangrar þrælkunar en lést ári síðar.

**Pennan dag** árið 1970 réðust ellefu íslenskir námsmenn í Gautaborg og Uppsölum inn í Sendiráð Íslands í Gautaborg og héldu því í tvær stundir. Þeir voru að mótmæla aðstöðu námsmanna.

**Pennan dag** árið 1977 vann Boris Spassky Vlastimil Hort í Reykjavík í einu af fjórum einvígjum um rétt til að skora á þáverandi heimsmeistara í skák, Anatolij Karpov frá Rússlandi.

Heimild: *Dagar Íslands*. Jónas Ragnarsson tók saman.

## ● Á þessum degi fyrir 28 árum



## Harma skammsýni

„Fundur Útvegsmannafélags Vestfjarða, haldinn á Ísafirði 30. desember 1977, lýsir furðu sinni á viðbrögðum útvegsmanna á Suðurnesjum vegna útgáfu á reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins um veiðar í þorskanet á vetri komanda. Er óskilanlegt að útvegsmenn á Suðurnesjum skuli telja að hægt sé að draga úr sókninni í þorskstofninum án þess að það snerti á nokkurn hátt útgerð í þessum landshluta, þar sem sóknin er mest í hrygningarstofninn. Harmar fundurinn þá einstæðu skammsýni sem birtist í því, að Útvegsmannafélag Suðurnesja skuli telja „ástæðulaust að taka þessa reglugerð til eftirbreytni“ og verður ekki séð hvernig draga á úr sókninni í þorskstofninum ef viðbrögð útvegsmanna í öðrum landshlutum yrðu hin sömu, þegar samdráttaraðgerðir snerta þeirra hagsmuni.“

Þannig hefst ályktun fundar Útvegsmannafélags Vestfjarða, sem haldinn var á Ísafirði þann 30. des. sl. Á fundinum fjölluðu útvegsmenn um útgerðarmál vitt og breitt.

## ● Helgarveðrið

### Horfur á föstudag:

Sunnan 8-13 m/s og slydda eða snjócoma, en úrkomulítið á Norðurlandi. Gengur í sunnan hvassviðri með rigningu um landið suðvestanvert um kvöldið.

### Horfur á laugardag:

Sunnan strekkingur, milt og rigning. Kólnar ört vestanlands síðdegis með vestanátt og éljum.

### Horfur á sunnudag:

Suðvestanátt og él, en léttir til Austanlands Hiti um frostmark.

### Horfur á mánudag:

Gengur í suðvestan hvassviðri með rigningu g hlýnar.

## ● Spurning vikunnar

Strengir þú áramótaheit?

Alls svöruðu 532. – Já sögðu 138 eða 26%  
– Nei sögðu 394 eða 74%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? · Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri í Ísafjarðarbæ


## Þriðji ættliðurinn í starfinu

„Það er allt gott að fréttá af okkur í slökkviliðinu. Hátíðirnar voru mjög rólegar og góðar. Ekkert kom upp um bruna enda held ég að hvergi á landinu sé eins mikið um reykskynjara eins og í Ísafjarðarbæ. Fólk er vel meðvitað um að mikilvægi eldvarnarbúnaðs og ég tel að ástandið í því sé með því besta á landsvísi hér á svæð-

inu. Það má þakka góðu forvarnarstarfi og einnig því að við höfum ekki verið heppin þegar kemur að eldsvoðum í gegnum tíðina. Eins og flestir muna misstum við fólk á Þingeyri fyrir nokkrum árum og nú í desember mann á Ísafirði í bruna. Við sem búum í svo nánú samfélagi tökum það mjög nærri okkur.

Mikil eftirsókn er ávallt í

slökkviliðið enda er það draumur margra ungra pilta að verða slökkviliðsmaður. Oft vill svo verða að þeir gera það að ævistarfi sínu. Þannig var það með mig og nú hefur sonur minn fetað í fótspor mín. Það er þriðji ættliðurinn af slökkviliðsmönnum því pabbi minn var einnig slökkviliðsmaður,“ sagði Þorbjörn Sveinsson.



# Allt í góðum gír á bóka- og skjalasafninu á Ísafirði

Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðarbæjar hefur höfuðstöðvar í Safnahúsinu á Eyrartúni. Bæjarbúar sækja safnið vel að sögn Jóhanns Hinrikssonar forstöðumanns þess.

„Það er alltaf mikið að gera á haustin og fram í desember og þá fer að hægjast um. Oftast er mjög rólegt síðustu dagana fyrir jól þar sem fólk vill ekki taka út bækur ef ske kynni að það fengi þær í jólapakkann. Fólk hefur líka nóg að gera í jólaundirbúningnum. Á milli jóla og nýárs fer fólk aftur að taka við sér og fram að páskum er nóg að gera. Mesta annríkið í bókaúttektum myndi ég segja að væri í nóvember þegar fólk fer að kynna sér jólabækurnar. Það er góð kynning á góðu bókunum fyrir útgáfufélögin en ekki er hægt að segja það sama um þær slæmu eins og gefur að skilja“, segir Jóhann Kímínn.

„Með vorinu minnka bókaútlánin og við tekur upplýsingagjöf og önnur túristaþjón-

usta. Í sumar stendur til að auka þjónustuna og lengja opnunartímann. En alltaf er þetta spurning um peninga. Það er þó alveg klárt að það þarf að hafa opið lengur.“

– Finnst þér vera aukning eða minnkun í úttektum hjá bókasafninu?

„Ég held að því fari frekar vaxandi heldur en hitt. Það hefur þó verið meira í gegnum tíðina t.d. á nýfunda áratug síðustu aldar. Ég sé mikinn mun síðan þá. Fólk les í sjálflu sér ekkert minna í dag heldur en lesturinn í öðru formi. Núna er meira um að menn lesi skjái en af pappír og fái gögn á netinu. Það horfir einnig frekar á bíómyndir heldur en að lesa afþreyingarbækur. Þá eru börnin duglegri við að lesa slíkar bækur.

Við bjóðum yngri börnum bæjarfélagsins í reglulegar heimsóknir til okkar í samstarfi við leikskólana. Þá fá þau kynningu á bókasafninu og haldnar eru sögustundir.

Það fyrirkomulag hefur gengið mjög vel.“

## Allt annað líf

– Ísafjarðarbær er fjölþjóðlegt samfélag, nýta bæjarbúar sem eru af erlendu bergi brotnir sér bókasafnið?

– Já, Pólverjarnir hafa verið mjög duglegir við það. Við erum með úrval pólskra bókmennta. Þá eru einnig haldnar sögustundir fyrir pólsk börn á föstudögum. Tælendingarnir eru ekki eins duglegir enda held ég að það sé öðruvísi menning hjá þeim og ekki eins mikið um bókalestur. En við eignum þó til slatta af tælenskum bókum.

– Á bókasafninu gefst fólk kostur á að komast á veraldarvefinn.

„Töluvert er um að fólk sé að fara á netið. Hægt er að fara ókeypis á netið í nokkrar mínútur og standa við tölvuna að grúski. Lengri heimsóknir kosta pening. En hér það er

einnig heitur reitur á bókasafninu svo fólk getur komið með tölvurnar sínar.

Annars er allt í góðum gír. Þetta er þriðja árið okkar í gamla sjúkrahúsinu og það er allt annað líf síðan við komum hingað. Fólk kemur inn og vill vera hérna. Situr í þrjá til fjóra tíma og er ekkert endilega bara að koma inn til að fá lánaðar bækur. Rólegra er yfir útíbúnum á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Enda er fólk ávallt á ferðinni og kemur oft við á bókasafninu þegar það á leið um Ísafjörð.

Einnig má bæta við að nóg að gera á skjala- og ljósmyndasafninu. Þar erum við sífellt að grafa upp skjöl sem fara alla leið aftur til 1890. Við erum með kirkjubækur og ártöl og fleira. Þá er alltaf eitt-hvað um að einhverjir séu að leita sér upplýsinga um forfeður sína, að finna rætur sína, segir Jóhann Hinriksson sem einnig er forstöðumaður skjalasafnsins.

## Flugdrekahlauparinn í uppáhaldi

„Ég á rosalega margar uppáhaldsbækur. Á jóladag las ég Flugdrekahlauparann og hún var alveg svakaleg góð. Hún fjallar um lífið í Afganistan í samtímanum. Í henni er flott söguflétta um stéttarskiptingu og að standa með sjálfum sér. Flugdreka-

hlauparinn verður ein af uppáhaldsbókunum mínum það er alveg ljóst, ein af þessum mörgu sem maður grípur alltaf annað slagið í. Eins og þegar ég veit ekkert hvað ég á að lesa verður Njála oftast ekki fyrir valinu. Skólabók-arljóðim og Blómin í ánni

sem fjallar um Hiroshima eru einnig allaf til taks. Ég er með útgáfuna frá '63 og hef lesið hana margoft. Þá finnst mér líka Isabel All-ende skrifa svo skemmtilegar sögur,“ sagði Jóna Benediktsdóttir, grunnskólakennari á Ísafirði, aðspurð um uppáhalds bókina sína.



## Betlehem borg

Nokkur undanfarin jól hef ég haft tækifæri til að vera í Betlehem á aðfangadag og séð hve áhrifamáttur Islam (Múhammedóstrú) er yfirþyrmandi. Ég hef verið með í hóp sem hefur spilað og sungið jólsöngva á torginu og hefur því fylgt mikil blessun að fá að minna á Friðarhöfðingjann sem fæddist í Betlehem. Við höfum einnig orðið vitni að sjá múslíma taka á móti þessari miklu jólagjöf.

Kæru kristnu vinir! Biðjum fyrir íbúum í Betlehem í þeim miklu þjáningum sem margir þeirra þurfa að líða fyrir trú sína. Biðjum einnig fyrir múslímum að þeir mættu fá tækifæri og þor til að játa trú sína á Jesú sem er frelsari manna. Biðjum, að hryðjuverkahópar Tansim, fái ekki rótfestu í Betlehem.

# Stengir þú áramótheit?

Margir strengja áramótheit og lofa bót og betrun á nýju ári. Vinsæl eru heitin um að bæta heilsuna með því að hætta að reykja eða fara í líkamsrækt. Þó virðist vera jafn mikið um það að fólk standi ekki við heitin og jafnvel orðið svo að fólk strengi ár eftir ár sama heitið án þess að efna það. Bæjarins besta spurði nokkra Vestfirðinga hvort þeir strengdu heit á áramótunum og hvað þeim þætti felast í góðum áramótheitum.

strengdi ekki heit áður fyrr, það er eitthvað sem hefur komið með árunum.

Nú hafa sveitarfélögin sent inn á heimili fólks geðorðin tíu sem eru einmitt í svona „áramótheitapölingu“. Ég held að markmiðið í ár verði að fara eftir þeim. Það er ákveðin leið til jákvæðrar þróunar bæði hjá manni sjálfum og þeim sem maður umgengst.“

### Jón Páll Hreinsson, svæðisstjóri Eimskips á Ísafirði

„Ég set mér yfirleitt ekki áramótheit, en þó koma alltaf upp kaflar í lífi manns þegar maður þarf að staldra við og setja sér markmið fyrir komandi tíð.“

Einn góður vinur minn skoraði á mig að hlaupa með sér maraþon á næsta ári. Þar sem ég er nú að láta þetta leka í blóðin, þá get ég varla annað



Jón Páll Hreinsson.

en staðið við stóru orðin.“

### Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður Vinstri-Grænna í Ísafjarðarbæ

„Ég ætla að strengja það áramótheit að lifa lífinu lífandi. Ég hugsa oft um lífið og tilveruna á áramótum og ákveð með sjálfri mér að nýta hvern

dag sem best. Það ættu allir að hafa að leiðarljósi því enginn veit hversu marga daga hann á inni eða hvað mun bera upp á. Maður ætti ávallt að reyna að hugsa um hvernig maður getur reynst sjálfum sér og fjölskyldunni sem best og gert samfélaginu gagn.“

Ég held að hver og einn strengi einhvers konar heit með sjálfum sér á nýju ári en svo er misjafnt hvernig því er fylgt á eftir. Sumir gleyma

heitunum, aðrir standa við þau. Annars líst mér bara mjög vel á komandi ár og vona að það verði okkur öllum gæfuríkt.“

### Þórey Sjöfn Sigurðardóttir, íþróttarfræðingur á Þingeyri

„Ég strengi ekki áramótheit. Ég þarf ekki gera það því ég lifi svo góðu lífi. Ég kalla það ekki áramótheit þó maður gerir lífstílsbreytingar og þær geri ég strax á morgun ef svo liggur á mér.“

Ég held að algengt sé að fólk strengi heit um áramótin og haldi þau svo ekki nema rétt út janúar. Þess vegna geri ég það ekki því ég efast um að ég gæti haldið slíkt heit allt árið. Maður sér það bara líkamsræktarstöðvunum hversu vel fólk gengur að efna heitin sín því þar fyllist allt í janúar og langflestir eru hettir um páskana.“



Birna Lárusdóttir.

## Birna gefur kost á sér

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, hefur ákveðið að bjóða sig fram í prófkjöri sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ og gefa áfram kost á sér í 2. sæti á framboðslista flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar að vori. „Nú eru bráðum átta ár liðin síðan ég tók sæti á lista sjálfstæðismanna hér í bæ, fyrst sem oddviti listans árið 1998 og síðan í 2. sæti hans árið 2002. Sveitarstjórnarmálin hafa tekið verulegum breytingum á þessum tíma, umfang þeirra hefur aukist og má í reynd segja að harðnandi samkeppni um fólk og fjármuni geri það að verkum að sveitarstjórnarmenn þurfa að stunda kröftugri hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin sín en nokkru sinni fyrr“, segir í tilkynningu frá Birnu.



Hlynur Snorrason.



Lilja R. Magnúsdóttir.



Þórey Sjöfn Sigurðardóttir.

## Óstöðvandi á dansgólfinu á námsárunum

„Ef einhver ætti að sálgreina mig vegna tónlistarsmekks míns, þá yrði niðurstaðan sjálfsagt vafasöm. Ég læt þetta samt sem áður flakka.“

### 1. Beautiful day - U2

Nafnið segir allt sem segja þarf. Maður fyllist lífsþrótti og hreinskærri gleði þegar maður hlustar á þetta lag.

### 2. Go - Moby

Góður taktur sem gerir það að verkum að manni

langar til að dansa rassinn af sér.

### 3. Wild thing - Tone Loc

Ég hlustaði á þetta lag einhvern tímann þegar ég var að hamfletta lunda sem er afar skemmtileg iðja eða hitt þó heldur. Ég komst þó í gegnum alla 300 lundana með því að hlusta á lagið aftur og aftur.

### 4. Hallelujah - Jeff Buckley

Rólegt og þægilegt þegar maður er í slökunarhugleiðingum.

### 5. Bohemian Rhapsody - Queen

Eitt besta, ef ekki besta lag allra tíma. Ávallt klassískt.

### 6. Perfect day - Lou Reed

Hef átt svo marga slíka að það er viðeigandi.

### 7. Don't stop till you get enough - Michael Jackson

Minnir á gamla góða tíma þegar maður var óstöðvandi á dansgólfinu í Héraðsskólanum í Reykjanesi.

### 8. Satisfaction - Benni Benassi

Tiltölulega nýtt tölvupopp sem ég virðist á einhvern óskiljanlegan hátt fíla í ræmur.

### 9. Stick 'em up - Quarashi

Kraftmikið lag sem kemur manni í girinn fyrir körfubolta-leiki (reyndar ekki alveg í vettur).

### 10. Clocks - Coldplay

Það er bara eitthvað þægilegt við þetta lag.



Baldur Ingi Jónasson.

## Atvinnulausum konum fækkar

Atvinnulausum konum á Vestfirðum hefur fækkað frá því í síðasta mánuði en karlmönnum án vinnu hefur fjölgað. Á skrá yfir atvinnulausa eru 99 manns í upphafi nýs árs. Samkvæmt tölum Vinnuálagstofnunar eru 79 konur atvinnulausar og hefur þeim fækkað um fjórar frá því í desember. Karlmenn á skrá yfir atvinnulausa eru 20 talsins. Fyrir áramót voru 83 konur skráðar atvinnulausar og 19 karlmenn. Þann 1. nóvember voru 82 á skrá yfir atvinnulausa á Vestfirðum og 102 yfir áramót.





Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár  
**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

**bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn**

**PÓSTURINN**  
allur pakkinn

## Best skreytta húsið í Hnífsdal

Kristján Kristjánsson og Kristín Þóra Gísladóttir, íbúar á Bakkavegi 15 í Hnífsdal, þóttu hafa skreytt hús sitt best allra á norðanverðum Vestfjörðum og hlutu fyrstu verðlaun í jólaskeytingaleik bb.is og Húsasmiðjunnar. Verðlaunin voru afhent 30. desember og fengu hjónin forlata Krups kaffivél að verðmæti kr. 20 þúsund.

Önnur verðlaun fengu þau Þorkell Þorkelsson og Júlíana Ernisdóttir, íbúar að Urðarvegi 2. Hlutu þau 15 þúsund króna flugeldaúttekt. Þá fengu Þorbjörn Jóhannesson og Pálína Jensdóttir, íbúar að Engi á Seljalandsvegi, ljósleidartré og adventuljós í þriðju verðlaun. Dómnæfnd skipuðu þau Helga Guðný Kristjánsdóttir frá Húsasmiðjunni, Hálfán



Verðlaunahafar ásamt dómnæfnd.

Þjarki Hálfánsson frá bb.is, og Hafdís Sunna Hermansdóttir.

Alls skoðaði dómnæfndin 29 hús sem tilnefnd voru, tvö í Bolungarvík, tvö í Hnífsdal,

sautján á Ísafirði, þrjú í Súðavík, fjögur á Suðureyri og eitt á Þingeyri. – [eirikur@bb.is](mailto:eirikur@bb.is)



Bakkavegur 15 í Hnífsdal.



Urðarvegur 2 á Ísafirði.



Seljalandsvegur 102 á Ísafirði.



Það er mál manna að Ísafirðingar hafi aldrei skotið upp jafnmikið af flugeldum og um síðustu áramót. Skutulsfjörðurinn lýstist upp um tíma og var stórkostlegur á að sjá. Með fylgjandi mynd frá áramótunum tók Hilmar Þorbjörnsson.

### Fræðslumiðstöðin flytur

Fræðslumiðstöð Vestfjarða verður flutt úr núverandi húsnæði sínu að Suðurgötu 12 á Ísafirði. Miðstöðin verður lokuð vegna þessa fram til 6. janúar.

Fræðslumiðstöðin hefur verið starfrækt í fimm ár og hafa margir Vestfirðingar gengið menntabrautina með aðstoð miðstöðvarinnar hvort sem um hefur verið að ræða nám á háskólastigi eða námskeið. Nú mun nýstofnað Háskólasetur Vestfjarða taka við stórum hluta starfseminnar.

# Stöðvaðir með fíkniefni í Ísafjarðardjúpi

Lögreglan á Ísafirði stöðvaði fýr þriggja karlmannna á þrítugsaldri í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi um kl. 8 daginn fyrir Gamlársdag. Mennirnir, sem allir hafa áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamála, voru í einni og sömu bifreiðinni að koma frá Reykjavík. Lögreglan hafði fengið

pata af ferðum þeirra og vökn-uðu grunsemdir um að þeir væru með fíkniefni meðferðis. Þær grunsemdir reyndust á rökum reistar því við leit í bifreið mannanna fundust ætluð fíkniefni, n.t.t. amfetamín og kannabisefni. Um var að ræða um 12 grömm af ætluðu amfetamíni og rúmlega 2

grömm af kannabisefnum.

Mennirnir voru allir færðir á lögreglustöðina á Ísafirði til yfirheyrslu. Í framhaldi var framkvæmd húsléit á heimili tveggja þeirra á Ísafirði. Áhöld sem bera með sér að hafa verið notuð til fíkniefnaneyslu fundust við þá leit. Mönnunum var öllum sleppt að yfirheyrslum

loknum, rétt undir miðnætti sama dag. Lögreglan vill hvetja almenning til að gera sér viðvart ef hann verður var við grunsamlegar mannaferðir eða annað háttarlag er gæti bent til meðhöndlunar fíkniefna. Að sjálfsögðu er nafnleyndar gætt við slíka upplýsingagjöf. – [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is)

### Piltur féll í Eyrarfjalli

Björgunarfélag Ísafjarðar var kallað út rétt fyrir hádegi á Gamlársdag eftir að 18 ára piltur féll úr töluverðri hæð í Eyrarfjalli ofan við bæinn. Hann mun hafa slasast nokkuð.

Pilturinn var í hópi björgunarsveitarmanna sem voru á leið upp að Gleidharhjalla til að útbúa hefðbundna ártala skiptingu um miðnætti. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði mun pilturinn hafa runnið á svelli niður hlíðina og síðan kastast um 30 metra leið í grjóturð.

## Súðavíkurbreppur og Íslandspóstur semja um aukna þjónustu við Djúp

Íslandspóstur hf. og Súðavíkurbreppur hafa gengið frá samkomulagi um þjónustu við íbúa á bæjum við Ísafjarðardjúp. Samkomulagið tryggir samgöngutengingu úr Djúpinu við Súðavík og Ísafjörð. Samkomulagið nær til flutninga á bæði farþegum og vörum. Landpóstur Ís-

landspósts mun ná í sendingar á pósthúsið á Ísafirði og koma þeim til íbúa í Djúpinu ásamt því sem hann mun taka sendingar frá íbúum og koma þeim rétta leið. Einnig mun landpósturinn flytja farþega til og frá Ísafirði og Súðavík.

Við Ísafjarðardjúp er viðfæðmt dreifbýli og langt á milli

bæja. Margir íbúar eru komnir á efri ár og fáir á hverju heimili. Fram kom í könnun sem gerð var á meðal íbúa við Djúp að þær breytingar sem boðaðar voru, myndu þýða gríðarlega skerðingu á þjónustu og bakslag þess umhverfis sem þeir hafa búið við.

Súðavíkurbreppur leggur til

2,5 milljónir króna á ári, eða þá upphæð sem Íslandspóstur hefði sparað með þeirri hagræðingu sem boðuð hafði verið, en samkomulag er um að það verði fjármagnað af ríkisvaldinu vegna sérstakra aðstæðna í dreifbýli Súðavíkurbrepps.

– [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is)



Súðavík.